



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk

Fimmtudagur

29. janúar 2009

4. tbl. · 26. árg.

Háprýstipvottur

Kjarnaborun

Steinsögun

Sími: 456 6600

VESTFIRSKIR
VERKTAKAR

www.vverk.is

- Veitingar
- Skemmtun
- Lifandi tónlist
- Góð þjónusta

KAFFI EDINBORG
Café • Restaurant • Bar
www.kaffiedinborg.is



Býr í íbúð þar sem andi Gunnars Þórðarsonar lifir enn

– Haukur S. Magnússon
frá Ísafirði gerir garða
fræga, hvort heldur með
hljómsveitinni Reykjavík!
eða á blaðinu Reykjavík
Grapevine



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

EIMSKIP
Flytjandi



www.arangur.heilsuskysla.is

HERBALIFE
sjálfstæður dreifingarabli

„...þetta er frábær næring,
úthald og einbeiting meiri“

Auðunn Einarsson :: PGA golfkennari
Sími: 899 9477 - audunn@keilir.is

Um 150 manns mættu í jóga.

Settu Íslands- met í hópjóga

Tæplega 150 manns mættu í hópjóga í íþróttahúsið á Torfnesi á Ísafirði á laugardag. Var mætingin langt framfarvönur skipuleggjanda viðburðarins, Mörthu Ernsdóttur, sem bjóst við um 70-100 manna þátttöku. „Vestfirðingar láta ekki sitt eftir liggja þegar þeir ætla sér eitthvað. Ég upplifði mikla ánægju og þakk-

læti og ég hugsa að fólk hafi gengið sátt út,“ segir Martha. Hún reiknar með að aldersdreifing þátttakenda hafi verið á bilinu þriggja ára til sjötíu ára. „Tengdamóðir mín er 80 ára og hún sat í stól og fylgdist með og tók þátt. Við slögum Íslandsmet í jóga-iðkun í einum tíma en auglýsi hér með eftir ef það er ekki rétt,“ segir Martha.

Haukur í horni: Tvær eða fleiri flugur í einu höggi?



Ný sundlaug í mynni Tungudals?

Gjaldskrár hafna sam- þykktar

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að gjaldskrár hafna sveitarfélagsins hækki að meðaltali um 10% í ár. Gerð verður breyting á einstöku liðum eins og það að rafmagnstengigjaldi verður skipt upp í tvo flokka, flotbryggjuflokk og hafskipakantsflokk. Orðið rafmagnstengigjald fellur út og í staðinn komi rafmagnstenglagjald, þar sem viðkomandi gjald skal standa undir endurnýjun og viðhaldi tengla og raflagna. Einnig verður tekið upp farþegagjald á skemmtiferðaskip og farþegabáta. Skemmtiferðaskip skulu borga farþegaskatt fyrir hverja ferð og farþegabátar skila inn farþegagjaldi mánaðarlega.

Hækkun á rafmagni til skipa tekur mið af hækkun Orkubús Vestfjarða á milli gjaldskrár 2008-2009 og er 23%, er framvegis uppfærast sjálfkrafa í samræmi við verðskrá OV. Aflagjald, kranagjald og skráningargjald skal vera óbreytt. Áður hafði hafnarstjórn samþykkt að gjaldskrá hafnsögubáts verði hækkuð um 40% vegna hækkunar á eldsneytisoliu síðustu misseri og annars rekstrarkostnaðar.



Ragney Líf ásamt foreldrum sínum Valdísi Eiríksdóttur og Stefáni Sigurðssyni.

Ragney Líf íþróttamaður ársins 2008 í Ísafjarðarbæ

Sundkonan Ragney Líf Stefánsdóttir var útnefnd íþróttamaður Ísafjarðarbæjar árið 2008. Ragney Líf er 16 ára og hefur æft sund hjá Íþróttafélaginu Ívari í níu ár. Á síðasta ári keppti hún á þremur stórum mótum; Malmö-open í Svíþjóð, Íslandsmóti ÍF í 50 metra laug og Íslandsmóti ÍF í 25 metra laug. Á öllum mótunum stóð hún sig með þrýði og vann m.a. til fjögurra verðlauna á Malmö-open, þar á meðal tvö gullverðlaun. Fimm verðlaun á Íslandsmótinu í 50 metra laug, þar af tvö gull og eitt brons, og þrjú gullverðlaun á Íslandsmótinu í 25 metra laug. Samtals vann hún fimm Íslandsmeistararitla á árinu 2008.

Þess má einnig geta að Ragney Líf keppti á Nýárssundmóti Í þann 3. janúar og var þriðja stigahæst á mótinu. Hún setti Íslandsmet í 50 m bringusundi, bætti sig í öllum greinum og komst inn í landliðsæfingarhóp Íþróttasambands fatlaðra. Ragney Líf stundar nám við Menntaskólann á Ísafirði og er á afreksbraut skólans Viðurkenning fyrir útnefninguna og farandbikar var afhentur við hátíðlega athöfn í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði á sunnudag.

Einnig voru tilnefndir; Anton Helgi Guðjónsson úr Golfklúbbi Ísafjarðar, Birgir Björn Pétursson hjá KFÍ, Brynjólfur Örn Rúnarsson hjá glímudeild Harðar, Bylgja Dröfn Magnúsdóttir úr Hestamannafélaginu Hendingu, Emil Pálsson hjá Boltafélagi Ísafjarðar, Jón Guðni Pálmason hjá Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar, Sólveig Guðmunda Guðmundsdóttir hjá Skíðafélagi Ísfirðinga og Lovísa Anna Jóhannsdóttir hjá Hestamannafélaginu Stormi.

– thelma@bb.is



Boðið var upp glæsilegt kökuhlaðborð í hófinu.

Vel heppnað þorrablót GÍ

Nemendur í 10. bekk Grunnskólans á Ísafirði, foreldrar þeirra, aðrir gestir og kennarar skemmtu sér hið besta á þorrablótí sem haldið var á bóndadaginn í skólanum. „Blótíð heppnaðist mjög vel eins og alltaf. Mikið var dansað undir öruggri stjórn Evu Friðþjófsdóttur og foreldrarnir stóðu sig vel í skemmtiatriðum. Þetta er örugglega besta þorrablótíð í bænum þar sem ekkert áfengi er haft um hönd“, segir Bergljót Halldórsdóttir umsjónarkennari í GÍ. Blótíð er ein af elstu hefðum skólastarfsins og með þeim skemmtilegustu að margra mati, því það má telja það eins konar manndómsvígslu að hafa upplifað að snæða þorramat með ættingjum sínum, hlustað á gamanvísur um náungann og horft á heimatilbúið kaup áður en flogið er úr öruggum faðmi grunnskólans á vit fullorðinsáranna og áttahagablóta.

Að borðhaldi loknu var slegið upp balli og dansaðir gömlu dansarnir en unga fólkið hafði æft gömlu dansana að undanfögnu undir leiðsögn Evu Friðþjófsdóttur danskennara auk þess sem nokkrir foreldrar þáðu danstíma.

Að vanda voru þeir sem gátu hvattir til að skarta þjóðbúningum.





ENGINN FER EINN Í GEGNUM LÍFIÐ

H-N markaðssamskipti / SÍA

- ástvinir lifa í skugga áfalls og góðir vinir styrkja vin til bata

Happdrætti SÍBS byggir á einstakri hugsjón, við byggjum upp endurhæfingu að Reykjalundi fyrir þúsundir Íslendinga sem fá áfall og þurfa aðstoð til að takast á við lífið á ný.

Byggjum saman á vináttu
– veldu þér vinanúmer núna í síma **552 2150** eða á **sibs.is**.
Í verðlaun færðu möguleika á mörgum milljónavinningum.

40 milljónir
í hverjum
mánuði 2009

HAPPDRAETTI



...fyrir lífið sjálft



35.271 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 1.000 kr.

Spurningin

Ert þú fylgjandi auknum þorskkvóta?

Alls svöruðu 581.
Já sögðu 422 eða 73%
Nei sögðu 159 eða 27%

Netspurningin er birt viku-lega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Sunnanátt og él, en létt-skýjað á NA- og A-landi. Hiti 0-5 stig við suður-ströndina, annars 0-8 stig frost. **Horfur á laugar-dag:** Norðaustan og austanátt. Snjókoma og síðar slydda eða rigning. Hlýnandi veður. **Horfur á sunnudag:** Suðlæg átt og rigning eða slydda, en úrkomu-lítið NA-lands. Hiti 0-7 stig.

FÍB blaðið
október 2004

Sjö ára jóðsótt lauk með fimm-tán síðna mús

(og enginn skildi hvað þetta þýddi)

Útgefandi:
H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:
Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849
8699, thelma@bb.is
Birgir Olgeirsson, símar
456 4560 og 867 7802,
birgir@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:
Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:
Halldór Sveinbjörnsson, sími
894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasöluverð er kr. 400
eintakið með vsk. Veittur er
afsláttur til elli- og örorku-
lífeyrisþega. Einnig sé greitt
með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:
Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði.
ISSN 1670 - 021X



Frá afhendingu gjafarinnar.

Gáfu björgunarskipinu restina af Gotusjóðnum

Fyrrum skipsfélagarnir Ásgeir Guðbjartsson skipstjóri og eigandi Guðbjargar ÍS 46 og Víðir Ólafsson fyrrverandi vélstjóri á Guggunni, komu færandi hendi á fund áhafnar björgunarskipis Gunnars Friðrikssonar á Ísafirði á laugardag. Erindi þeirra félaga var að færa björgunarbatasjóðnum peningagjöf sem ánað er

til björgunarskipisins. Gjöfin er án neinna skilyrða af þeirra hálfu annarra en þeirra að hún verði notuð fyrir björgunarskipið til að búa það tækjum eða búnaði.

Á gullaldarárum togaraútgerðar á Ísafirði, áttu áhafnir skipanna starfsmannasjóði sem oftar en ekki voru fjármagnaðir með því að áhafnirnar hirtu hrogn úr fisk-

inum, saltaði í tunnur og seldi. „Gotusjóðurinn“ eins og þessir sjóðir voru kallaðir, voru síðan notaðir til að gera áhöfninni glaðan dag á sjómannadaginn og jafnvel til að standa fyrir ferðalögum. Áhöfnin á Guggunni ákvað að gefa björgunarskipinu restina af sínum starfsmannasjóði.

„Við sem störfum við útgerð

björgunarskipisins þökkum áhöfninni á Guggunni innilega fyrir þeirra stuðning við okkar starf og þreymst seint á að benda á hversu mikilvægt það er að fá slíkan stuðning utan úr samfélaginu“, segir í tilkynningu frá áhöfn björgunarskipis Gunnars Friðrikssonar.

– thelma@bb.is

Ritstjórnargrein

Horft til framtíðar

Aldrei er meiri þörf fyrir að horfa til framtíðar en á erfiðleikatímum eins og nú blasa við á flestum sviðum samfélagsins. Hvernig sem allt veltur þá hættum við ekki að vera til sem þjóð og mismunandi samfélög vítt og breitt um landið, að minnsta kosti hvað hið síðara varðar á meðan nokkur von er til þess að horfið verði frá þeirri byggðacyðingarstefnu, sem riðið hefur röftum í samfélaginu árum saman.

Skipulag sveitarfélaga er nokkuð sem ekki verður ákveðið í eitt skipti fyrir öll frekar en svo margt annað sem snýr að tilvist mannsins. Nú er sú staða uppi hvað varðar aðalskipulag Ísafjarðarbæjar, sem ætlað er að gildi fram til ársins 2020. Og þá væntanlega með hliðsjón af því að hér rísi einn þeirra byggðakjarna á landsbyggðinni, sem stjórnvöld lofuðu á sínum tíma með bros á vör og stjórnum í augum.

Af því sem þegar hefur verið dregið fram í dagsljósið í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Ísafjarðarbæjar fer ekki á milli mála að þungamiðjan snýst um ný og fleiri atvinnutækifæri sem, ef vel tekst til, bera með sér aukinn fólksfjölda og þar með auknar tekjur sveitarfélagsins til margvíslegra þarfa.

Í framtíðarsýn Háskólaþess Vestfjarða er gert ráð fyrir að árið 2011 verði 500 nemendur þar við nám. Í nýju skipulagi er gert ráð fyrir að háskólabygging rísi við neðsta hluta Aðalstrætis og á Wardstúni. Sérhæfur háskóli, þar sem öðru fremur verður lögð

áhersla á þrjá megin þætti er snerta allt mannkyn, það er loft, láð og lög og sjálfbæra nýtingu auðlinda jarðarkringlunnar, er draumur sem vonandi rætist Vestfirðingum og landsmönnum öllum til heilla.

Ennþá er daufheyrst við réttmætum kröfum um að unnt sé að sinna millilandaflugi frá Ísafirði. Orðaval leyfisbréfs, hvort flugvöllurinn er skilgreindur sem flugvöllur II, eða eitthvað annað, skiptir ekki máli. Nýr millilandaflugvöllur innan sveitarfélagsins er seinni tíma mál.

Krafa Vestfirðinga í samgöngumálum er einföld: Samgöngur innan fjórðungsins og tenging við aðra landshluta. Á óskiljanlegan hátt hafa yfirvöld komist upp með að hundsá sjálfsagðan rétt Vestfirðinga til jafns við aðra landsmenn hvað varðar samgöngur þótt því verði ekki neitað að heldur hefur þokast í rétta átt á síðari tímum. Eitt er þó víst að þensla í vegagerð á Vestfjörðum hefur ekki tröllriðið efnahagskerfi landsmanna.

Skortur á raforku er annar Akkílesarhæll Vestfirðinga. Meðan við getum átt á hættu íkomu líkt í fyrri viku getum við ekki búist við því að fá til okkar fyrirtæki sem þurfa á mikilli og öruggri raforku að halda. Það er því algjört forgangsatriði að tryggja aukna og stöðuga raforku til Vestfjarða.

Kynning á nýju aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er hafin. BB hvetur alla til að kynna sér málið. Betur sjá augu en auga.

s.h.



Athuga fyrirkomulag afsláttar á fasteignagjöldum sveitarfélaga

Samgönguráðuneytið hefur farið þess á leit við sveitarfélög landsins að þau upplýsi ráðuneytið um þær reglur sem í gildi eru varðandi afslætti á fasteignaskatti. Tilfnið er úrskurður samgönguráðuneytisins á síðasta ári í máli er varðaði ágreining um

hvort sveitarfélagi væri heimilt að veita flatan afslátt á fasteignaskatti eða binda hann eingöngu við tekjur. Í málinu kom fram að sveitarfélag hafði um árabíl veitt elli- og örorkulífeyrisþegum afslátt af fasteignaskatti og eftir atvikum felldu hann niður. Í því

sambandi hafi verið tekið mið af tekjum viðkomandi. Árið 2003 var hins vegar gerð sú viðbót við tekjutengda afsláttarkerfið að boðinn var flatur afsláttur fyrir ákveðinn aldurshóp. Fasteignaskattur umræddra aðila féll þannig niður þegar árstekjur

voru undir ákveðnum viðmiðunarmörkum en við önnur mörk var veittur 80% afsláttur. Fyrir utan þennan tekjutengda afslátt var öllum elli- og örorkulífeyrisþegum veitt föst fjárhæð í afslátt og þeir sem voru 70 ára og eldri fengu hærri afslátt.

Óskað er að upplýsingarnar berist ráðuneytinu eigi síðar en 2. febrúar. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur falið bæjarstjóra að svara erindinu þegar gengið hefur verið formlega frá reglum Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2009.
– thelma@bb.is

Vestfirðingum í Þjóðkirkjunni fækkar þrátt fyrir fjölgun sóknarbarna

Af rúmlega 6700 sóknarbörnum á Vestfirðum eru aðeins um 5460 skráð í Þjóðkirkjunni samkvæmt upplýsingum frá Hagstofnunni. Fyrir tveimur árum voru um 5.700 þjóðkirkjumeðlimir í Vestfjarðaprófastsdæmi og fer þeim því fækkandi þrátt fyrir að sóknarbörnum hafi fjölgað. Yfir þrjá tugi sókna er að finna í fjórðungnum. Sem dæmi má taka að í Patreksfjarðarsókn í Patreksfjarðarprestakalli sem hefur 617

sóknarbörn eru 496 í Þjóðkirkjunni, í Ísafjarðarsókn í Ísafjarðarprestakalli eru 2.355 af 2.730 sóknarbörnum í Þjóðkirkjunni, 193 af 245 sóknarbörnum Hnifsdalssóknar í Ísafjarðarprestakalli eru í Þjóðkirkjunni og í Staðarsókn í Súgandafirði eru 149 af 312 sóknarbörnum ekki í Þjóðkirkjunni. Hinn 1. desember síðastliðinn voru sóknarbörn í Þjóðkirkjunni 16 ára og eldri 195.576 talsins en

það er fjölgun um 1.032 frá fyrra ári. Hlutfallslega hefur aftur á móti orðið þar fækkun úr 80,1% í 78,6% af öllum 16 ára og eldri. Þetta er í fyrsta sinn sem þetta hlutfall fer niður fyrir 80%. Það má að nokkru leyti skýra með miklum aðflutningi erlendra ríkisborgara á árinu 2008 en þeir flokkast við komuna til landsins með óskráðum trúfélögum nema þeir skrái sig sérstaklega í trúfélög. Í óskráðum og ótilgreind-

um trúfélögum teljast nú 19.323 miðað við 16.713 í fyrra. Það er aukning um rúmlega 2.600 einstaklinga eða tæplega 0,8% af heildarmannfjölda. Skráðum trúfélögum hefur fjölgað talsvert á undanförunum árum; skráð trúfélög utan Þjóð-

kirkju og frikirkjusafnaða eru nú 25 en voru 10 árið 1990. Eitt nýtt trúfélag varð til árið 2008 en það heitir Soka Gakkai International á Íslandi (SGI á Íslandi) og var viðurkennt sem skráð trúfélag af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 14. apríl síðastliðinn.

Grætt á kuldakasti á Suðureyri

Verð á fatnaði frá 66°Norður fer eftir hitastigi á Suðureyri. „66°Norður var stofnað á Suðureyri við Súgandafjörð árið 1926. Í hvert skipti sem hitinn þar fer niður fyrir frostmark verður afsláttur í verslunum 66°Norður á meðan kuldakastið varir“, segir á vef fyrirtækisins. Ef mælinn sýnir -1°C til -5°C frost er 5%

afsláttur af 66°Norður vörum í verslunum 66°Norður. Ef mælinn sýnir -6°C frost er 6% afsláttur af 66°Norður vörum í verslunum 66°Norður. Og ef mælinn sýnir -7°C frost er 7% afsláttur af 66°Norður vörum í verslunum 66°Norður og svo koll af kolli Eftir því sem mælinn á Suðureyri sýnir meira frost, þeim mun

meiri afsláttur er af 66°Norður vörum. Stofnandi fyrirtækisins var Hans Kristjánsson frá Súgandafirði ásamt nokkrum öðrum aðilum. Hans hafði kynnt sér sérstaklega framleiðslu sjófatnaðar í Noregi nokkrum árum áður. Afslátturinn er uppfærður daglega og gildir í 24 tíma.

**HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ**

Háls-, nef- og eyrna-læknir á Ísafirði

Sigurður Júlíusson læknir verður með mótöku á Ísafirði dagana 5.-7. febrúar.

Tímarpantanir í síma 450 4500 á milli kl. 08-16 alla virka daga.

Kostnaður hækkar

Gera má ráð fyrir að kostnaður við gerð Bolungarvíkurganga hafi hækkað umtalsvert síðustu misseri. Byggingarvísitalan hefur hækkað um 28,6% síðastliðna 12 mánuði samkvæmt útreikningi Hagstofunnar en samkvæmt upplýsingum sem fengust frá Vegagerðinni hefur vísitalan hækkað um 25% frá samningsverði ganganna.

Tilboð Ósafs, sem sér um jarðgangagerðina, hljóðaði upp á tæpa 3,5 milljarða sem var um 88% af áætluðum kostnaði. Sé reiknað með 25% hækkun á byggingarvísitölu, gerir það 870 milljónir króna. Heildarkostnaður verksins hljóðar því upp á 4,3 milljarða.

Færri í Þjóðkirkjunni

Um 14,3% íbúa í Ísafjarðarprestakalli tilheyrðu ekki íslensku Þjóðkirkjunni á síðasta ári samkvæmt nýjum tölum frá Hagstofu Íslands. Hlutfall íbúa utan Þjóðkirkjunnar hefur aukist jafnt og þétt frá árinu 2006 þegar 11,2% stóðu utan kirkjunnar. Örlítið fleiri konur en karlar standa utan Þjóðkirkjunnar í prestakallinu, en munurinn er varla marktækur, eða 215 konur á móti 212 karlmönnum.

Helgi í mynd með Renny Harlin

Ísfrski leikarinn og tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson mun fara með hlutverk í nýrri mynd finnsk/bandaríska kvikmyndagerðarmannsins Rennys Harlins. Myndin heitir Mannerheim og fjallar um Carl Gustaf Emil Mannerheim, hershöfðingja og síðar forseta, sem er þjóðhetja í augum Finna.

Helgi er ekki eini Íslendingurinn sem kemur að myndinni en Ingvar Þórðarson og Júlíus Kemp verða á meðal framleiðenda ásamt því íslenskt starfsfólk kemur að gerð hennar.

Renny Harlin hefur gert garðinn frægan fyrir spennumyndir á borð við Die hard og Cliffhanger. Fram kemur á imdb.com að Mannerheim verði frumsýnd á næsta ári.



Inn að beíni

Pálmi Gestsson leikari

Bolvíski leikarinn Pálmi Gestsson er landsþekktur fyrir að bregða sér í líki margra ógleymanlegra persóna ásamt félögum sínum í Spaugstofunni. En hann er ekki síðri í dramahlutverkum og er þar skemmst fyrir Vestfirðinga að minnast hans í hinu umdeilda verki Svartur fugl sem sýnt var á Ísafirði á síðasta ári. Til gamans má geta að Pálmi hlaut Edduverðlaunin fyrir besta leik í aukahlutverki í áramótaskaupi sjónvarpsins 2004 og var tilnefndur til verðlaunanna fyrir aðalhlutverk í kvikmyndinni Ikingut eftir Gísla Snæ Erlingsson.

Afdrifaríkasta ákvörðun lífs þíns?

Ég hef ekki tekið hana ennþá.

Hvar langar þig helst að búa?

Á Íslandi.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Þegar börnin mín fæddust (þykir klisja en er samt sönn).

Bestu vonbrigði lífs þíns?

Snjóflóðavarnargarður í Bolungavík.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Þær eru margar og allar mestar.

Uppáhaldslagið?

Um þessar mundir: Ó helga nótt sungið af Agli Ólafssyni.

Uppáhaldskvikmyndin?

La vita e bella.

Uppáhaldsbókin?

Heimsljós Laxness.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Hef ekki farið það ennþá.

Uppáhaldsborgin?

New York.

Besta gjöfin?

Sú sem gefin er af heilum hug.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Ég veit það ekki!

Hvaða hlut geturðu alls ekki verið án?

Bíllyklana (það er svo margt sem hangir á kippunni).

Fyrsta starfið?

Heyskapur hjá afa í Vatnsnesinu.

Draumastarfið?

Er í því.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Baldur Trausta Hreinsson.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Ísafjarðardjúp og allt sem því tilheyrir

(reyndar Vestfirðirnir allir).

Skondnasta upplifun þín?

Hef aldrei upplifað neitt skondið.

Aðaláhugamálið?

Lífið og tilveran. Manneskjan og mannlegt eðli.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Geri ekki uppá milli BB.is Skutull.is og Vikari.is.

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Stærri.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Að vera Vestfirðingur.

En helsti löstur?

Full lystugur.

Besta farartækið?

Dojdsinn hans afa.

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Sá sem er hverju sinni.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Foreldra minna, afa og ömmu og konunnar minnar.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Pálmi.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Síðla kvölds þegar allt er orðið hljótt, þá er

hægt að fara að bretta upp ermar og vinna.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Voginni.

Lífsmottóið þitt?

Oft má saltkjöt liggja!

Varð fyrir grjótkasti

Leifur Halldórsson frá Ögri við Ísafjarðardjúp er meðal þeirra fjölmörgu lögreglumanna sem staðið hafa í eldlínunni í Reykjavík að undanförn, þegar mótmælaaðgerðir gegn ástandinu í samfélaginu hafa farið úr böndunum. Leifur er rannsóknarlögreglumaður en þarf samt að standa vaktir á Austurvelli og annars staðar þar sem þörf krefur þegar ástandið og álagið á lögregluna er með þeim hætti sem verið hefur að undanförn. „Það verða allir að hjálpast að“, segir hann. „Við höfum líka fengið liðsinni bæði frá Suðurnesjum og Selfossi.“

Í síðustu viku var Leifur meira og minna á vaktinni alla vikuna frá tólf og upp í sextán tíma á sólarhring og meiddist þegar hann fékk í sig grjót við Alþingishúsið þegar lætin voru mest.

„Það var þó minni háttar miðað við marga aðra“, segir hann. „Margir hafa fengið í sig grjót og glerflöskur og sitthvað annað, en flestir sloppið með marbletti. Samt hafa þó nokkrir slasast alvarlega og lítlu mátt muna að illa færi. Það er verið að lemja í okkur og veitast að okkur með ýmsum hætti, alveg frá því að kasta í okkur snjóboltum, eggjum, súrmjólk, skyri, olíumálningu og grjóti og upp í það að reyna að stinga okkur með hnífum. Þá er líka verið að henda í okkur smámynt sem oft er sett inn í snjóbolta.“

Agaleysi gagnvart lögreglu

Leifur segir það sína skoðun, að lögregla á Íslandi sé með mikið langlundargeð gagnvart borgurum landsins.

„Ef við miðum okkur við nágrannalöndin, þá ríkir hér algjört agaleysi gagnvart lögreglu. Það er nú einu sinni þannig, að ef lögregla gefur fyrirmæli eða skipun, þá ber viðkomandi lögum samkvæmt að fara eftir þeirri skipun. Hvaða álit sem viðkomandi kann svo að hafa á þeirri skipun.“

Hann segir ástandið í borginni, sem lögreglan hefur þurft að fást við, hafa farið stigversnandi allt frá hruni bankanna í byrjun október.

„Þetta hefur bitnað mismunandi mikið á þeim sem eru við störf, en allir hafa þurft að leggja hönd á plóginn með einum eða öðrum hætti, líka þeir sem venjulega starfa við innivinnu eins og rannsóknir mála. Það er búið að vera mikið álag á mannskapinn og jafnvel er ekki auðvelt að hvílast eða sofna þegar menn eru

lausir í nokkra klukkutíma.“

Góðkunningjar lögreglunnar

Þegar Leifur er spurður nánar um álagið og líðanina sem þessu fylgir, segir hann:

„Þetta hefur mikil áhrif á okkur öll sem störfum við þetta, mismunandi mikil eftir því hversu mikla reynslu fólkið hefur í lögreglunni. Á köflum er þetta nánast ómanneskjulegt álag. Að standa fyrir framan fólk sem þú heyrir ekkert gott frá. Orðbragðið hefur verið svo svakalegt stundum, að það er ekki hafandi eftir. Þetta kemur líka frá fólki sem maður hefði haldið að væru venjulegir heimilisfeður og venjulegar húsmæður í Vesturbænum, eins og kallað er, og allt niður í smákrakka.

Svo eru þessir líkamlegu konaktar til viðbótar. Margir eru komnir þarna í þeim tilgangi einum að reyna að espa lögreglumenn upp. Þess ber þó að geta, að þeir sem verstir eru telja sig sennilega hafa harma að hefna í garð lögreglu. Margir þeirra eru það sem hægt er að kalla góðkunningja lögreglu, þ.e. fólk sem höfð hafa verið afskipti af vegna ýmissa afbrota. Ég skil annars og virði rétt fólks til að mótmæla eða segja skoðun sína, en það sem við höfum orðið vitni að núna undir það síðasta á ekkert skylt við mótmæli. Þetta eru óeirðir.

Þá höfum við heyrt hjá fólki, að við verðum að fara að ákveða með hverjum við stöndum. Þá er væntanlega átt við hvort við ætlum ekki að ganga til liðs við þá sem eru á móti sitjandi ríkisstjórn. Það mun hins vegar enginn lögreglumaður nokkurn tímann gera, því að þá væri ekki mikið eftir af þeirri þjóðfélagskipan sem við viljum hafa í okkar landi. Við munum halda uppi lögum og reglu í landinu eins og okkur er ætlað að gera.

Það fer ekki hjá því að lögreglumenn geta orðið upptrekkir eftir maraþonvaktir dag eftir dag með tilheyrandi áreiti. Lögreglumenn eru bara manneskjur eins og aðrir, en samt sem áður hafa lögreglumenn farið að reglum í einu og öllu þrátt fyrir þetta mikla áreiti.“

Börnin skilja þetta ekki

„Svo hefur þetta líka áhrif á fjölskyldur okkar. Þeim stendur ekki á sama. Það er erfitt að sjá ástvin sinn í sjónvarpinu í átökum við einhvern skrif og búast jafn-

vel við símtali á hverri stundu, vegna þess að viðkomandi hafi slasast og sé á sjúkrahúsi. Börnin skilja þetta ekki og eru hrædd.

Umfjöllun í fjölmiðlum og á bloggsíðum og raunar alls staðar er kapituli út af fyrir sig. Hún er stundum alveg rosaleg fyrir okkur og fólkið okkar. Þar kemur oft fram svo brengluð mynd af því sem gerist. Ég er nú kannski orðinn svo sjóaður í þessu, að ég er hættur að fara inn á bloggsíður þar sem verið er að blogga við fréttir. Það er auðvelt fyrir þá sem ekki þekkja til, að horfa á mynd í blaði eða á vefsíðu þar sem eitthvað er að gerast, en myndin segir þér ekki hvað gerðist á undan.“

Fólk hefur val

„Sagt hefur verið að lögreglan fari fram með offorsi, eins og þarna í Alþingisgarðinum, en við sjálf lítum ekki þannig á hlutina. Það er hlutverk lögreglunnar að halda uppi lögum og reglu í landinu, og þegar svo er komið að fólk fer ítrekað ekki eftir tilmælum eða fyrirmælum lögreglu, þá þætti mér ég vera dálítill ómerkingur ef ég léti það bara gott heita. Fólk hefur alltaf þetta val og getur farið að fyrirmælum lögreglu, því að þau eru alls ekki flókin.

Ef ég bið mann til dæmis að færa sig af götunni, en hann gerir það ekki og glottir bara að mér og jafnvel ýtir við mér, og ég bregst ekki við því, þá gæti ég alveg eins verið bara heima hjá mér ef ég ekki mundi bregðast við því. Og síðan eru lögreglumenn kallaðir ofbeldisseggir.

Það er í rauninni alltaf alveg sama hvað lögreglan aðhefst eða aðhefst ekki, við erum alltaf að gera eitthvað rangt að sumra dómi. Síðan ætlast þetta sama fólk til að fá lögregluna til hjálpar þegar eitthvað bjátar á hjá því. Annað er, að vegna ástandsins í þjóðfélaginu hefur margt verið látið viðgangast og lögregla ekki brugðist við, en þegar ofbeldi og eignaspjöll er orðið ráðandi, þá er sannarlega ekki hægt annað en taka á því.

Hinu má ekki gleyma, að núna höfum við fengið alveg gríðarlega mikið af góðum kveðjum frá fólki, og það er ómetanlegt fyrir okkur.“

Hótanir teknar alvarlega

Varðandi persónulegar aðstæður sínar, fjölskylduhagi og slíkt, þá er Leifur ekki tilbúinn að greina frá því, þar sem lög-



reglumenn hafa fengið mjög alvarlegar hótanir frá alls kyns fólki.

„Það er verið að hóta líkamsmeiðingum á fjölskyldumeðlimi, maka og börn lögreglumanna, og svo er lögreglumönnum sjálfum hótad oft og iðulega. Þetta hefur verið gert bæði á bloggsíðum á netinu og beint til lögreglumanna á götunni. Við sem störfum í þessu höfum allar ástæður til að taka þessar hótanir alvarlega og gerum það svo sannarlega.“

Áratugur í lögreglustarfi

Leifur byrjaði í lögreglunni á Ísafirði árið 1999 þegar Hlynur Snorrason lögreglufulltrúi plataði hann í þetta starf, eins og hann kemst að orði.

„Hann taldi mig vel til starfsins fallinn. Ég var nú ekki alveg sam-mála því, en hann gafst ekki upp. Ég er búinn að vera í þessu síðan og í rauninni líkar mér starfið mjög vel, þó að auðvitað sé það ekki alltaf skemmtilegt, eins og líklega flest.“

Leifur kláraði Lögregluskólann árið 2001 og vann áfram á

Ísafirði í þrjú ár eftir það, var svo hjá Ólafi Helga sýslumanni á Selfossi í tvö-þrjú ár en síðan hefur hann verið á höfuðborgarsvæðinu. Við sameiningu lögregluembættanna á höfuðborgarsvæðinu var hann skipaður rannsóknarlögreglumaður í umferðardeild, þar sem hann sinnir framhaldsrannsóknum í umferðarmálum og slysarannsóknum.

Í huganum heima í Ögri

Leifur er liðlega fertugur - „en lít ekki út fyrir það“, segir hann og hlær. Hann er fæddur í gamla sjúkrahúsinu á Ísafirði og uppalinn í Ögri við Ísafjarðardjúp og var í heimavistarskólanum í Reykjanesi við Djúp.

„Það má segja að eiginlega sé ég ekki enn fluttur frá Ögri. Ég er þar meira og minna og ég er þar í huganum þegar ég er ekki á staðnum sjálfum. Draumastaðan hefði verið að búa þar en aðstæður í Djúpinu eru þannig að þær hafa ekki boðið upp á það. Nema þá að gerast einsetukall einhvers staðar. Það er enginn skóli þar lengur, fátt fólk og erfitt um vik að flestu leyti.“

– Hlynur Þór Magnússon.

Finnbogi Sveinbjörnsson, formaður Verkalýðsfélags Vestfirðinga, ber þungar áhyggjur af efnahagsaðstæðum í landinu sem koma hart niður á vinnumarkaðinum. Þetta upplýsti hann þegar Bæjarins besta hafði samband við hann og spurði um álit hans og horfur næstu mánuði. Þrátt fyrir ófremdarástand segist Finnbogi reyna að vera hjartsýnn og horfa á jákvæðu hlutina. Mikilvægt sé þó að vera raunsær og afla sér þeirra upplýsinga sem í boði eru og hvetur hann almenning í landinu til að kynna sér réttarstöðu sína.



Kallar á skýra stefnumótun

„Ég hef mestar áhyggjur af því sem ég kalla stefnuleysi í aðgerðum. Mikið er talað um það sem þegar hefur verið gert og er liðið en því fáum við ekki breytt úr þessu. En þessi staða hefur horft við okkur í rúma fjóra mánuði og lítil stefnumörkun er framundan. Allavega eftir því sem maður best veit en ef annað er uppi á teningnum þá er maður ekki upplýstur um það. Maður er því ekki alltof bjartsýnn. Ég hef sérstakar áhyggjur af einu atriði sem virðist því miður vera að færast í aukana, en það er birgðasöfnun í sjávarafurðum. Það er áhyggjuefni þar sem við höfum horft mest til þess að leysa hluta vanda okkar með sölu sjávarafurða og treyst á að örugg vinna væri þar. Sömuleiðis höfum við kallað eftir auknum veiðiheimildum í þeim tilgangi að styðja við atvinnu í veiðum og vinnslu. Þær eru nú orðnar að veruleika sem ber að fagna, þannig að við skulum vona að ekki verði áframhald á sölutregðu sjávarafurða og sjávarfang bjargi okkur eina ferðina enn út úr ógöngum þrátt fyrir að ákveðin óvissa sé um sölu afurðanna.“

Áríðandi að standa við loforð Vestfjarðaskýrslunnar

– Finnbogi hefur miklar áhyggjur af aukningu á atvinnuleysi í

fjórðungnum.

„Þó hér sé verið að tala um að atvinnuleysi sé lægst á Vestfjörðum miðað við annars á landinu verða menn að athuga að hér hefur atvinnuleysi fimmfaldast frá því á sama tíma í fyrra. Við erum að sjá töluna 82 á atvinnuleysisskrá sem var 16-17 einstaklingar í janúar í fyrra. Það er því gríðarleg fjölgun og 3-4 einstaklingar bætast við vikulega. Við höfum verið það lánsöm á Vestfjörðum að ekki hefur komið til stóruppsagna í fjórðungnum. Ein hópuppsögn hefur verið vegna bankakrisunnar og því munu um 12 einstaklingar úr því fyrirtæki bætast við tölu atvinnulausra um næstu mánaðamót, þannig að við Vestfirðingar sjáum brátt þriggja stafa tölu á atvinnuleysisskránni, það er fjöldi sem hefur ekki sést hér mjög lengi. Ástæða lítils atvinnuleysis á Vestfjörðum undanfarin ár er að atvinnuleysið hefur flutt úr fjórðungnum og fengið vinnu þar sem þenslan hefur verið. En nú upplifum það frekar að fólk er að flytja heim aftur til Vestfjarða en því miður getum við ekki boðið þeim þau störf sem við gjarnan hefðum viljað.“

– Samkvæmt Finnboga voru miklar vonir bundnar við störf Vestfjarðanefndarinnar en þær vonir virðast að mestu brostnar hvað störfin varðar.

„Mjög gott starf var unnið við gerð Vestfjarðaskýrslunnar,

en því miður hafa þeir sem áttu að efna loforð um störf sem þar voru gefin ekki staðið við sitt. Þar af leiðandi höfum við ekki séð nema hluta af þeim 85 störfum sem þar var lofað þrátt fyrir að komið sé vel á annað ár síðan skýrslan var kynnt fyrir Vestfirðingum.“

– Væri ástandið þá annað ef Vestfjarðaskýrslan hefði gengið betur eftir?

„Við værum kannski að horfa á aðeins breytt landslag í atvinnumálum“, segir Finnbogi og bætir við: „Ég verð að segja fyrir mína parta að það er mikið áhyggjuefni ef ríkið og sveitarfélög ætla algjörlega að halda að sér höndum í framkvæmdum. Ég geri mér fulla grein fyrir því að framkvæmdafé er afskornum skammti og erfitt að nálgast hagstætt lánsfjármagn eins og staðan er í dag, en ef báðir þessir aðilar ætla að skerða hluta af sínum tekjustofni þá vitanlega verður reksturinn enn erfiðari. En með því að skrúfa nánast fyrir framkvæmdir og skera niður í þjónustu dragast tekjur líka saman með enn alvarlegri afleiðingum en ef bætt hefði verið í.

Ég vill helst ekki vera einn af þeim sem segir eftir á: „Ég sagði þér það“, en árin 2005-07 varaði verkalýðshreyfingin við því að ríki og sveitarfélög tækju þátt í þeirri þenslu sem þá var í gangi, og ráðlögðu þeim frekar að eiga þær framkvæmdir til góða þegar

draga myndi úr mestu þenslunni á vinnumarkaði, en fyrirsjáanlegt var að það yrði í lok árs 2007. Það hefði verið gott að eiga þær framkvæmdir uppi í erminni núna, þótt illmögulegt sé að spá hvernig þetta breytta landslag eftir fall bankanna hefði lagst á þær framkvæmdir.“

Furðar sig á himinháum stýrivöxtum

„Rétt eins og almenningur kallar maður eftir upplýsingum um stefnumótun í aðgerðum, þannig að ekki sé verið að prófa sig áfram til að finna út hvað virkar og hvað ekki, heldur verði að reyna sjá fleiri leiki fram í tímann. Spurning hvort menn ættu að fá skákmenn með sér í lið sem vanir eru að sjá leiki langt fram í tímann. Það má líkja þessu við mann sem er sleginn niður en þegar hann stendur aftur upp þá er enginn stjórn á líkamanum, stefnan er handahófskennd og stórvarasöm en afleiðingarnar bitna á okkur hinum“, segir Finnbogi og reynir að slá á léttu strengi.

„Ég veit ekki hvort verið sé að nota Evrópusambandsumræðuna til þess að svæfa ástandið sem ríkir hjá okkur í raun og veru. Mér finnst það a.m.k. skrítið að verið sé að keyra Evrópuumræðuna í gang að fullu þegar það þarf að taka af festu á öðrum málum hér heima einmitt núna. Að sjálfsögðu þarf að fjalla vel

um Evrópumálin frá öllum hliðum. Ég dreg ekki dul á að það þurfi að vera upplýst umræða um þau mál en það eru í fyrsta lagi tvö-þrjú ár þangað til við yrðum tekin inn í sambandið.

Síðan er vitað að við komumst ekki inn í myntsambandið hjá ESB fyrr en við erum komin með fjármál okkar á hreint þ.e. lág verðbólga ríkissjóður skuldlaus og festu í fjármálum þjóðarbúsins. Við núverandi aðstæður er það mitt mat að þar bætist við enn lengri tími að óbreyttu.

Eitt af því sem ég tel að myndi strax skila einhverju til baka til okkar er það sem við í verkalýðshreyfingunni gagnrýndum mjög í haust sem er þetta gríðarlega háa stýrivaxtarstig á Íslandi. Við erum með 16-17% hærri stýri-vexti hér heldur en í nágrannalöndum okkar. Það er ekki til að hvetja fyrirtæki áfram eða auðvelda þeim rekstur. Þar af leiðandi hljóta þau að draga saman og segja upp fólki. Ég get ekki sagt annað en að mér finnst vera tekinn skakkur póll í hæðina hvað þetta varðar.

Eins var talað um það í haust að við myndum reyna auka framleiðslu á innanlandsmarkaði til útflutnings en við vitum vel að kreppan er á fleiri stöðum en á Íslandi og ekki síður að koma illa við menn annars staðar þannig að það er ekki sjálfgefið að þeir hafi bankafyrirgreiðslu til að kaupa íslenska framleiðslu

„Þó hér sé verið að tala um að atvinnuleysi sé lægst á Vestfjörðum miðað við annars á landinu verða menn að athuga að hér hefur atvinnuleysi fimmfaldast frá því á sama tíma í fyrra.“

Þrátt fyrir að hún sé ódýr í innkaupum þessa stundina. Ég segi því enn og aftur að þörf er að vinna eftir ákveðinni stefnu og ef forsætisráðherra sér fram á tekjuafgang 2012 þá má hann gjarnan upplýsa okkur hin um það hvað það er sem hann hefur í sjónmáli. Eins og er bíða menn eftir að fá að vita hver stefnan verður og hvaða skref eigi að stíga næst. Það er ekki undarlegt að almenningur hrópi á strætum að þeir vilji fá upplýsingar. Það hangir á allt á sömu spýtnni, að við sjáum einhverja leið eða stefnu út úr þessum ógöngum.“

Vantar upplýsta umræðu um stöðu mála

„Ég vil meina að við í verkalyðshreyfingunni höfum staðið okkur þokkalega í því sem snýr að réttarstöðu launþega og ýmislegt annað sem við erum að ráðleggja fólki. Ég vil því hvetja þá sem vantar upplýsingar að kíkja inn á heimasiður stéttarfélaga því þar eru að finna upplýsingar og leiðbeiningar sem nýtist fólki mjög vel í þeirri stöðu sem nú er uppi.

Mér fannst mjög slæmt að heyra að þeir sem standa fyrir útifundunum í Reykjavík hefðu lítið sér kynnt sér hvað við í verkalyðshreyfingunni höfum verið að gera í þessum málum. Ég held að það hafi sjaldan verið eins mikilvægt að fólk kynni sér réttarstöðu sína á vinnumarkaði og bara almennt.

Ég get ekki ítrekað nóg hve mikilvægt er að almenningur í landinu fái upplýsingar um það sem er að gerast. Talað er um að við þurfum að búa við skerta þjónustu eitthvað áfram þar sem verið er að skera mikið niður í fjárlögum, málaflokkum sem ég hefði viljað að farið yrði mildari höndum um. Þá á ég við málaflokka sem skipta okkur meira máli en utanríkismál og æðsta stjórn landsins. Landsmenn fengu í fyrra mótvægisáðgerðirnar margrómuðu sem voru rúmírt tíu milljarðar sem þótti ofrausn þá.

Þar fór mest fyrir flýtifé í samgöngumálum en nú er verið að skera stærsta hlutann af því til baka, en við getum ekki séð annað en það sé akkúrat það sem þyrfti að fara í núna. Eins og t.d. samgöngumiðstöðina í Reykja-

vík sem myndi gagnast öllum landsmönnum sem og vegaframkvæmdir og önnur verk víða um landið. Þetta eru verkefni sem má ekki skera niður eða fresta um lengri tíma við núverandi aðstæður.

Það er þó jákvæður punktur í þessum fjárlögum að framlög til félags- og tryggingamálaráðuneytis sem og fjármálaráðuneytis voru aukin, enda ekki vanþörf á í því ástandi sem ríkir í landinu. Maður vill síður vera of svartsýnn en það er okkur öllum nauðsynlegt að vera raunsæ.“

Endurskoðun kjaramála framundan

– Finnbogí segir mikla vinnu-törn framundan hjá verkalyðshreyfingunni.

„Fyrirferðarmesta og flóknasta verkefnið sem við stöndum nú frammi fyrir er endurskoðun kjarasamninga. Það má segja að framhald annarra kjarasamninga á vinnumarkaði hangi á því hver niðurstaðan verður í þeim viðræðum.

Forsendunefnd verkalyðsfélaganna hefur verið að störfum og átt í viðræðum við fulltrúa atvinnurekenda og ríkisstjórnarinnar. Þeim störfum á að vera lokið fyrir 15. febrúar og þá kemur í ljós hvert framhaldið verður og hvort við náum góðri lendingu í því máli eða ekki. Að sjálfsgöðu gerum við okkur grein fyrir að verðbólguþátturinn kjarasamninganna eru löngu fyrir bí, en ekki yrði sanngjarnt að ætla almenningi í landinu að axla birgðar óðaverðbólgu óstudd. Það yrði skelfileg staða á vinnumarkaði ef atvinnurekendur teldu að samningsforsendur væru brostnar og kysu að segja kjarasamningum lausum frá 1. mars næst komandi, þá býð ég ekki í það ástand sem skapaðist í kjölfarið.

En við verðum að vonum það besta og treysta því að þeir sem stýra þeim viðræðum sýni skynsemi og hafi hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi, sagan hefur kennt okkur að samstarf í þeim málum skilar okkur betur áfram. Það er unnið að því hörðum höndum af verkalyðshreyfingunni, atvinnurekendum og ríkisvaldinu að þau mál fari sem best.“

– thelma@bb.is



Píngeyrarflugvöllur. Ljós: © Mats Wibe Lund.

Gert ráð fyrir millilandaflugvelli í Ísafjarðarbæ

Í nýju aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar er það gert að markmiði að flug frá Ísafjarðar- og Píngeyrarflugvelli verði mögulegt allan sólarhringinn. Einnig er stefnt að því að millilandaflugvöllur verði staðsettur í sveitarfélaginu. „Afar mikilvægt er að flugsamgöngur til og frá sveitarfélaginu verði greiðar og öruggar, bæði til annarra landsvæða sem og annarra landa. Flugsamgöngur skulu að vera áreiðanlegar, þannig að almenningur geti gert ráð fyrir að komast leiðar sinnar á tilsettum tíma. Flugáætlun skal vera þannig háttáð, allt árið, að farþegar þurfi að jafnaði ekki að dvelja lengur á áfangastað en þann tíma sem tekur að sinna erindinu“, segir í greinargerð með drögum aðalskipulagsins.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að nýr millilandflugvöllur geti risið innan sveitarfélagsins en ekki er tekin afstaða til staðsetningar. Flugvöllurinn skal geta þjónað algengustu farþega- og vöruflutningavélum sem nýttar eru í millilandaflugi í dag. Mikilvægt er að hefja sem fyrst rannsóknir fyrir staðarvali flugvallarins en nefndir hafa verið staðir eins og Sveinseyri í Dýrafirði, Arnarnes og Vellir (Hnífsdalsbryggja) í Skutulsfirði. Lögð skal áhersla á að neikvæð áhrif á náttúru og landslag verði sem minnst.

Áætlunarflug er á Ísafjarðarflugvelli eins og kunnugt er, en Píngeyrarflugvöllur er varaflugvöllur fyrir Ísafjarðarflug-

völl. Píngeyrarflugvöllur var endurbættur árið 2006 með lengingu brautar, stækkun öryggissvæða og uppsetning á ljósa- og aðflugsbúnaði. Ekki er aðstaða til næturflugs á þessum flugvöllum nema fyrir neyðar- og sjúkraflyg. Yfir vetrartímann styttest tímabilið sem flogið er á hverjum degi, þannig að erfitt getur reynst að sinna erindum á einum degi. Ef tímabilið væri lengra, gætu farþegar farið að morgni á áfangastað og komið heim að kvöldi, en þurfa nú oft að bíða til næsta dags með að ljúka ferð sinni. Ísafjarðarflugvöllur gegndi áður mikilvægu hlutverki í Grænlandsflugi.

Vegna reglugerðarbreytingar hefur völluminn misst það hlutverk þar sem ekki er fyrir hendi búnaður til vopnaleyta. Engin tæknileg fyrirstaða er fyrir því að millilandaflugi til Ísafjarðar. Vegna nálægðar er Ísafjarðarflugvöllur eini flugvöllurinn á landinu sem getur sinnt Grænlandsflugi. Í dag þurfa flugvélar að millilenda á Ísafirði og taka eldsneyti til að geta flogið á næsta millilandaflugvöll. Farþegum er ekki heimilt að fara frá borði.

Flugsamgöngur eru lykilþáttur þáttur í samgöngukerfi landsins, til að uppfylla þarfir um hraða og skilvirkni í viðskiptum, stjórn-sýslu og þjónustusókn, milli höfuðborgar og landsbyggðar“, segir í drögunum. Þar kemur fram að sex lendingarstaðir eru í Ísafjarðarbæ. Tveir þeirra, Ísafjarðar- og Píngeyrarflugvellir, eru skráðir hjá Flugmálastjórn og eru í grunnneti flugvalla skv. samgönguáætlun. Að auki eru þrjú

óskráð lendingar- og flugtaks-svæði án nokkurs búnaðar. Í samgönguáætlun er ekki gert ráð fyrir alþjóðaflugvelli í Ísafjarðarbæ eða annarsstaðar á Vestfjörðum.

Í greinargerðinni segir: „Öruggar og tíðar flugsamgöngur eru ekki síður mikilvægar fyrir atvinnulífið, ferðatími getur haft mikil áhrif samkeppnisstöðu og afkomu fyrirtækja. Þetta á bæði við um aðkeypta þjónustu og sölu á þjónustu. Flugsamgöngur skulu einnig að gegna lykilhlutverki í aðgengi fyrirtækja að mörkuðum erlendis. Góðar flugsamgöngur hafa veruleg áhrif á samkeppnishæfni og þróunarmöguleika menntastofnana eins og háskóla. Háskóla- og Vestfjarða byggir kennsluna á stundakennurum og gestafyrirlesurum og eru því flugsamgöngur algjört skilyrði fyrir því að skólinn dafni. Lögð er áhersla á að Ísafjarðar- og Píngeyrarflugvellir verði út-búnir fyrir næturflug og hafi þann búnað sem þarf til áætlunarflugs allt árið.

Koma skal strax á millilandaflugi í sveitarfélaginu, með því að gera þær ráðstafanir sem þarf til þess á Ísafjarðarflugvelli sbr. niðurstöðu umhverfismat í viðauka. Mikilvægt er að Ísafjörður missi ekki tengslin við Grænland, heldur geti eftir þau enn frekar. Áform eru um námuvinnslu og framleiðslu á Grænlandi og því ljóst að miklir möguleikar eru fyrir Ísafjarðarbæ að þjónusta svæðið.“

– thelma@bb.is

Býr í íbúð þar sem andi Gunnars Þórðarsonar lifir enn

Haukur segir að hlutverk Reykjavík Grapevine sé í grunninn að þjónusta ferðamenn á Íslandi og aðra sem hér eru staddir og skilja málið illa en vilja leita sér upplýsinga um það sem er í gangi. Þar sem blaðið liggur frammi á við og dreif um allt land er það að sjálfsögðu mikið lesið af Íslendingum líka, enda þykir það iðulega veita ferskari eða óheflaðri sýn á íslenskt þjóðlíf og menningarlíf en vill rúmast á síðum dagblaðanna. Margir leggja til efni í blaðið, bæði Íslendingar og erlendir ferðamenn sem sjá land og þjóð með glöggum gests auga. Reykjavík Grapevine er prentað í 30 þúsund eintökum einu sinni í mánuði yfir veturinn en annars kemur það út á tveggja vikna fresti.

„Ég hóf störf á Reykjavík Grapevine síðsumars 2006“, segir Haukur, „og var í fullu starfi sem blaðamaður fram í mars 2007. Þá kúplaði ég mig út en skrifaði frílans fyrir blaðið áfram, enda veittu þeir mér jafnan fullt frelsi til að velja efnistök og aðferðafræði – þrátt fyrir að borga kannski ekkert svo vel ... Þeir sem þekkja til geta vottað að slíkt frelsi er vandfundið á íslenskum fjölmiðlamarkaði.“

Of mikið af texta?

„Síðan kom ég aftur til starfa á blaðinu í maí á síðasta ári og var hálfur blaðamaður og síðar hálfur aðstoðarritstjóri. Ég vann það samhlíða því sem ég skipulagði og annaðist framkvæmdina á alþjóðlegri tónlistarráðstefnu sem haldin var í Reykjavík meðfram Iceland Airwaves núna í október. Í kjölfarið fylgdi mánadarfri frá störfum, sem ég

Haukur Sigurbjörn Magnússon frá Ísafirði hefur komið víða við þótt enn vanti hann fáein ár í þrítugt. Svo eitthvað sé nefnt vann hann ungur nótt og dag við löndun og slægingu, við afgreiðslu á myndbandaleigu, lauk stúdentsprófi hjá Birni Teitssyni í fyllingu tímans, var blaðamaður á Bæjarins besta, lagði stund á heimspeki og síðar blaðamennsku á dagblaði, hefur unnið að málefnum tónlistarfólks og sjálfur ferðast sem tónlistarmaður um heiminn með hljómsveitinni Reykjavík! Hann semur tónlist og ekki spillir í þeim efnu andinn í íbúðinni þar sem hann býr – þar átti sjálfur Gunni Þórðar heima um árabíl.

Hér á eftir segir frá öllu þessu.

Og núna fyrir stuttu var Haukur að taka við ritstjórástólnum á Reykjavík Grapevine, blaði á enskri tungu sem fjórir vinir úr Menntaskólanum á Laugurvatni stofnuðu árið 2003, þá nýskriðnir úr námi. Þeir standa enn að blaðinu – án nokkurrar aðkomu Bauga, Rauðsóla, Árvakra eða annarra battería. Reykjavík Grapevine er í rauninni einn fátta fjölmiðla hérlandis í dag sem kallast mega frjálsir – fyrir utan héraðsfréttamiðla.

eyddi aðallega í ferðalög um Bandaríkin – akkúrat þegar dollarinn var eins dýr og hann hafði nokkurn tímann verið!

Tók svo við ritstjórástólnum á Reykjavík Grapevine núna í desember og gaf út mitt fyrsta blað 9. janúar. Mér hefur verið legið á hálsi að hafa of mikið af texta í blaðinu, en ég er þeirrar trúar að fólk geti haft mikla unun af því að lesa vandað og vel unnið efni sem framsett er á fallegan háttog samkvæmt því hyggst ég starfa. Auðvitað verða samt myndir með!“ segir Haukur og hlær.

„Ég var hrifinn af blaðinu áður en ég fór að vinna við það. Mér fannst það vera með skemmtilega stefnu. Fyrst var ég óttalega stressaður að skrifa á ensku og gerði mér litlar vonir um að verða ritfær á henni. Var

reyndar nokkuð vanur að skrifa fréttir, bæði sem blaðamaður á Bæjarins besta og í dagblöð.“

Talaði við fólkíð sjálf

„Fyrsta greinin sem ég skrifaði í Reykjavík Grapevine á sínum tíma fjallaði um Flateyri. Ég var fyrir vestan þegar ég fékk kallið, skrifaði grein um ástand mála á Flateyri og hvernig fólk plumaði sig þar og tók nokkur skemmtileg viðtöl. Það var búið að skrifa einhverja grein um Flateyri sem birtist í Mannlífi þar sem var

bara sagt hvað það væru margir nýbúar þarna en ekki reynt að ná neinu sambandi við fólkíð sem var til umræðu. Ég var búinn að vera að vinna með nýju Flateyringunum í slægingu og öðru og vildi gefa innsýn í þeirra heim þar sem þeir fengu að segja sitt, svona fyrst þeir voru sjálfir til umfjöllunar.

Já, og núna er ég bara orðinn ritstjóri. Það gekk mjög vel hjá mér að fara að skrifa á ensku. Ég horfði mikið á vídeó í gamla daga í Pólarvídeo heima og las mikið af bókmenntum á ensku, tók það fram yfir þýðingarnar sem eru margar hverjar hroðvirknislega unnar.“

Við nánari umhugsun finnst Hauki að þessi ummæli um þýðingarnar séu kannski dálítið spjátrungsleg og yfirlætisleg en fellst á að draga þau samt ekki til baka.

Kerfið batt enda á námsferilinn

Haukur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði vorið 2001, í síðasta árganginum sem Björn Teitsson skólameistari útskrifaði. „Hreint ágætum árgangi“, segir hann. „Ég veit ekki hvort það hefur borið svo mikið á honum en þetta er allt prýðilega gott fólk sem er að gera ágæta hluti hér og þar í heiminum.“

Eftir stúdentsprófið var Haukur eitt ár blaðamaður á Bæjarins besta, flutti svo suður og stundaði heimspekinám í nokkur ár.

„Ég kláraði ekki heimspekina. Ég var svo heillaður af þessari grein að ég ákvað í stað þess að skrifa bara ritgerðina seinasta veturinn að taka fleiri kúrsa og ætlaði strax í mastersnámið. Svo var eitthvert vesen í stjórnsýslunni í skólanum þannig að ég mátti það ekki. Ég gat ekkert einbeitt mér að því heilan vetur bara að skrifa ritgerð, þannig að ég fékk mér vinnu eins og góðir Vestfirðingar gera. Fór að skrifa í Blaðið eins og það hét þá en seinna 24 Stundir. Og hafði nú lítið gaman af, þér að segja. Fór að vinna á innblaðinu hjá þeim.“

Geðveikis-góðæris-eitthvað

„Ef ég taldi mig hafa verið stundum að skrifa léttmeti inn á milli þegar ég var á Bæjarins besta, þá var það léttmeti hátið miðað við það sem viðgekkst á Blaðinu, sem kannski væri helst hægt að líkja við einhvers konar geðveikis-góðæris-sjónvarpsvísi.

Ég sagði upp í janúar 2006 eftir að tilkynnt hafði verið að starfsfólkið fengi ekki frekari fri utan sumartímans nema



til kæmi alvarlegt dauðsfall í fjöl-skyldunni. Þá fór ég bara að vinna í löndun og var í henni þangað til ég fór að vinna á Grapevine um haustið.“

Styrkjanám- skeldið vel sótt

Og svo eru það músikmálin ... „Já, ég hef verið að vinna þar líka. Frá því seint á árinu 2007 hef ég unnið á Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar, fyrst sem einhvers konar verkstjóri en svo förum við af stað með heilmikið fræðsluprógramm. Ég var að skipuleggja og halda námskeið fyrir tónlistarmenn í hverjum mánuði í fyrravetur, tók saman námsefni og fleira. Þar förum við um víðan völl.

Fyrsta námskeiðið var um styrki og sjóði sem standa tónlistarfólki til boða og þar var mjög vel mætt. Nokkru seinna var námskeið um það hvernig tónlistarmenn ættu að greiða skattana sína og þar var mætingin lakari.“

Reykjavík!

Auk þess að vinna fyrir músikanta er Haukur sjálfur músikant, þó að hann viti sosum ekki alveg hvort hann eigi að skilgreina sig þannig. Utan frá séð virðist samt sem þeir sem eru í hljómsveitinni Reykjavík! hljóti að teljast músikantar.

„Ja, ég veit ekki hvort fólketur kallast músikantar fyrr en það fer að hafa umtalsverðar tekjur af þeirri iðju. Við höfum ekki þénað mikla peninga en haft af þessu þeim mun meiri ánægju. Við fimm Ísfirðingar og einn Reyðfirðingur stofnuðum hljómsveitina Reykjavík! árið 2004. Auk mín eru það Guðmundur Birgir Halldórsson móðurbróðir minn, Hnífisdælingurinn hjá Pennanum Kristján Freyr Halldórsson, Helgasonar, Valdimar Jóhannsson, sonur Jóa Fúsa og Svanfríðar fyrrum söngkonu með BG – hann býr nú í Brüssel en starfar með hljómsveitinni þegar færi gefst, Asgeir Sigurðsson, dóttursonur Þórðar Júl á Ísafirði, og söngvarinn Bóas Hallgrímsson að austan.

Við Bóas kynntumst í heimspekináminu og svo fóru fleiri að bæstast í hópinn. Þá var langeðlilegast að leita á náðir þeirra brottfluttu Ísfirðinga sem finna sér aldrei nóg að gera hérna í höfuðstaðnum. Við förum fljótlega að spila á tónleikum hér og þar um borgina og fengum bara mjög fína meðferð og góða aðsókn og förum að gera þetta af einhverri alvöru. Við erum búnir að gefa út tvær breiðskífur og einhvern slatta af smáskífum. Núna í desember kom út seinni breiðskífan okkar.“

Longst farið til Texass



„Eins og þeir sem hafa verið í hljómsveit vita hefur verið mikið húllumhæ í kringum þetta allt. Við höfum verið svo heppnir að fá tækifæri til að ferðast víða um lönd og spila. Við höfum ekki bara verið víða í Evrópu heldur líka í Könuðu og Bandaríkjunum. Ætli við höfum ekki lengst farið til Texass þar sem við höfum spilað tvisvar.

Hugmyndin er að taka nokkrar vel útlátnar tónleikaferðir í vor. Það er gaman að fá útrás fyrir tjáningarþörfina sem í öllum byr og ekki er verra þegar fólketur þvi vel sem maður er að gera og syngur með.“

Óheflaðir Vestfirðingar

Þá er spurningin hvernig tónlistin sem Reykjavík! hefur í frammi skipast í flokk. Þeir félagarnir semja alla sína tónlist sjálfir.

„Ætli það sé ekki einfaldast að segja að við spilum hart rokk, gaddavírsrokk. Eins og flestir Vestfirðingar eru menn í bandinu mjög óheflaðir og hljómsveitin hefur einmitt getið sér gott orð fyrir óheflaða sviðsframkomu.

Hins vegar eru við allir í Reykjavík! miklir áhugamenn um hvers konar músík. Gildir þá einu hvort það er klassísk tónlist eða nýklassík eða gullaldarpopp og hip-hop og rokk, en auðvitað bara það sem er með gæðabrag.

Okkar músík er samt á okkar eigin forsendum. Það er mikið frelsi sem felst í því að vera ekki atvinnumaður í bransanum, því að þá getur maður gert það sem manni sýnist.“

Andi Fönklistans ...

„Það er kannski gaman að segja frá því, að við í sveitinni viljum stundum rekja starfsemi hennar allt til hins ísfrska blómaskeiðs á tíunda áratugnum, sem var tímabil sköpunarkrafts, virkni og fjörs, þar sem hljómsveitir störfuðu í öllum bílskúrum og öðrum skúrum og fyrirbæri eins og Fönklistinn og Menningarfélagið Andrúm létu til sín taka. Það myndaðist ansi sérstök og skapandi stemmning sem ég veit að við búum allir að og það fólketur sem þar hafði sig í frammi hefur látið til sín taka hér og þar í þjóðlífinu.“

Í hljómsveitinni Reykjavík! spilar Haukur á gítar – rafmagnsgítar að sjálfsögðu enda ekki um annað að ræða í gaddavír. „Annars tek ég líka í kassagítarinn og fékk núna meira að segja í jólagjöf forláta lítinn úkúlele-gítar, svona hawaii-kassagítar sem ég er að dunda mér við að læra á.“

Auk þess syngur hann bakraddir. „Hann Dóri afi minn á Ísafirði [Halldór Hermannsson] fékk um daginn einhver verðlaun fyrir sérlega fállega rödd. Líklega í fyrsta sinn sem einhver af þessu kyni [úr Ögurnesinu við Ísafjarðardjúp] er vændur um raddfegurð! Og væntanlega það síðasta líka. En ég syng með.“

Gerir það einhver?

Þegar Haukur er spurður hvort hann kunni betur við sig í Reykjavík (án upphrópunarmerkis) en fyrir vestan stendur ekki á svarinu:

„Nei, blessaður! Gerir það einhver?“

Haukur býr ásamt kærustu sinni sem er af kyni Bandaríkjamanna og gefur því ágætis æfingu í ensku og köttum af óvissu þjóðerni við Skarphéðinsgötuna

í Norðurmýrinni í Reykjavík í íbúð þar sem sjálfur Gunnar Þórðarson átti heima um árabíl.

Andi Gunnars Þórðarsonar

„Það var margt sem Gunni Þórðar lagði íbúðinni til. Þar ber helst að nefna forláta mannhæðarháan spegil, sem mér skilst að hann hafi notað þegar hann var að stríla sig upp fyrir djammað.“

Haukur viðurkennir að gera það líka. „Já, maður reynir að halda í hefðirnar. Ég spegla mig vel áður en ég fer út, hvort heldur til að spila eða skemmta mér í góðra vina hópi.

Og svo er ég ekki frá því að Gunnar Þórðarson hafi skilið eftir góðan anda í íbúðinni sem lifir þar enn. Ég hef oftast en einu sinni lent í því að vakna með andfælum um miðja nótt með nýtt lag tilbúið í hausnum og þurft að hlaupa fram og spila það á gítarinn. Aldrei að vita nema þetta sé eitthvað sem Gunni hefur skilið eftir sig. Vonandi fer hann samt ekki að lögþækja mig fyrir lagastuld!“

– Hlynur Þór Magnússon.

Þrjú ný störf við þýðingar á Ísafirði

Utanríkisráðuneytið hefur auglýst eftir þremur þýðendum til starfa í nýju útibúi þýðingamiðstöðvar sem tekur til starfa á Ísafirði í byrjun apríl. Ráðuneytið hefur einnig auglýst eftir þremur þýðendum til viðbótar til starfa á landsbyggðinni, en endanleg staðsetning verður ákveðin með tilliti til umsækjenda og skilyrða fyrir fjarvinnu. Öll störfin falla undir kjarasamning fjármálaráðherra og Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins. Ráðuneytið gerir kröfur til umsækjenda að þeir hafi háskólamenntun, staðgóða þekkingu í íslensku og ensku, reynslu af þýðingum, samskiptalip-urð, góða framkomu og gott tölvulæsi.



Aukin vinnsla hjá Íslandssögu á Suðureyri

Vinnsla hjá Fiskvinnslunni Íslandssögu á Suðureyri hefur aukist síðastliðin misseri að sögn Óðins Gestssonar, framkvæmdastjóra. Vinnslan afkastar um 20 tonnum af þorski og ýsu á dag en 75 manns starfa við vinnsluna, sem er nokkur fjölgun frá því í desember. Að sögn Óðins gengur vel að selja afurðirnar en þó finni þeir fyrir því að salan sé að minnka. Hann segist mjög ánægður með aukningu þorskvótans því 60-70 tonn bætast við aflaheimildir fyrirtækisins. Vinnslan vann úr 4700 tonnum í fyrra og var verðmæti þeirra einn og hálfur milljarður. Hann segist finna fyrir auknum fyrirspurnum um atvinnu hjá fyrirtækinu og eru þær aðallega frá Íslendingum víðs vegar að af landinu.

Fengu viðurkenningu fyrir góða þjónustu

Ferðaþjónustan í Heydal í Mjóafirði hlaut nýlega, ásamt fjórum öðrum gististöðum Ferðaþjónustu bænda, viðurkenningu fyrir frábæra þjónustu sumarið 2008. Viðurkenningin er veitt í tengslum við gæðaverkefnið „Gerum góða gistingu betri“ á vegum Ferðaþjónustu bænda og Better Business. Verkefnið fólst í því að þrisvar yfir sumarið kom „leynigestur“ sem gisti, borðaði og tók staðinn út samkvæmt fyrirfram ákveðnum stöðlum. Niðurstöðurnar voru kynntar hverju fyrirtæki fyrir sig á netinu mánaðarlega svo tækifæri gæfist til að bæta þjónustu. Frá þessu var greint á vef ferðaþjóna á Vestfjörðum.

Tilboð opnuð í nýjan vél- og stjórnbúnað í Mjólka

Fjögur tilboð bárust í vél- og stjórnbúnað Mjólkárverkjunar. Tilboðin bárust frá Orkuveri ehf., / GHE Hydro Energy sem buðu kr. 679.964.408., Andritz Hydro GmbH sem buðu kr. 720.536.425., Smith & Norland / Kössler sem buðu kr. 1.114.084.375 og frá Rafeyri – Gügler sem buðu kr. 1.316.654.688. Tilboðsfjárhæðirnar eru hámarksverð, miðað við að stærsti mögulegi pakki verði keyptur, þ.e. stærri útgáfa af vél 1, svokölluð Mjólka III og IV og ný vél II. Á næstu vikum verður gerður samanburður á tilboðum og hagkvæmni hvers verkjunarkosts fyrir sig þar sem verkkostnaði er bætt við. Þá fyrst verður hægt að taka endanlega ákvörðun.



Frá Skeiði í Skutulsfirði.

Stytttri viðbragðstími frá Skeiði en eyrinni

Gert er ráð fyrir að núverandi aðstaða slökkviliðs, lögregluliðs og björgunarfélags á Eyrinni á Ísafirði verði lögð af og nýtt í aðra starfsemi þegar ný björgunarmiðstöð hefur risið. Eins og fram hefur komið er fyrirhugað að björgunarmiðstöð risi á Skeiði í Skutulsfirði og að hún hýsi alla helstu viðbragðsaðila í Ísafjarðarbæ s.s. slökkvilið, lögreglulið, björgunarlið, Neyðarlínuna og/ eða viðbragðsaðila á landsvísi auk tengdra félagasamtaka. Svæðið er í góðri tengingu við Djúpvæg og í nálægð við Vestfjarðaveg og flugvöll. Aðgengi að Skeiði er því gott, en svæðið er jafnframt nær því að vera miðsvæðis í sveitarfélaginu.

Með þessu móti er hægt að stytta viðbragðstímann auk þess

sem umferð neyðar- og viðbragðsaðila færast frá Eyrinni og álagið minnkar því svæði. Til greina kemur að þýrlupallur verði staðsettur við björgunarmiðstöðina en þó er nálægðin við flugvöllinn það mikil að óvíst er að þess gerist þörf. Til greina kemur að björgunarmiðstöð þjóni öllum norðanverðum Vestfjörðum. Í því ljósi er staðsetning á Skeiði afar hentug og brýnt að umferð tengd stöðinni liggi sem minnst um Eyrina. Helsti ókostur staðsetningarinnar er nálægðin við hættusvæði vegna ofanflóða.

Viðbragðsaðilar í Ísafjarðarbæ eru staðsettir á þremur aðskildum stöðum á Eyrinni á Ísafirði en auk þess eru björgunarsveitir á Þingeyri, Dýrafirði, Flateyri, Suðureyri og Hnífsdal. Slökkvi-

stöð er í Fjarðarstræti, en þar eru slökkvi- og sjúkrabílar staðsettir. Lögreglustöð er í Stjórnsýsluhúsinu og Björgunarfélag Ísafjarðar er staðsett við Sindragötu. Fjarðarstræti er þröng húsagata sem er að hluta til einstefnugata, en það á einnig við nærliggjandi götur. Umferð til og frá slökkvistöðinni er því ekki góð en lög- regla og björgunarsveit hafa betra aðgengi að Pollgötu sem er stofnbraut. Öll umferð frá þessum stofnunum fer þó um Eyrina, en þar er þéttleiki íbúða, þjónustu og gangandi og akandi vegfar- enda mikill. Þetta getur lengt viðbragðstíma neyðarbíla auk þess sem ónæði og jafnvel hætta skapast af forgangsakstri í svo þéttri byggð eins og er á Eyrinni.

– thelma@bb.is

Öflug grunngerð forsenda fyrir atvinnuþróun í Ísafjarðarbæ

Bættar samgöngur, aukinn fjöldi fagfólks samhliða þróun nýrra atvinnutækifæra í Ísafjarðarbæ og styrkingu þeirra atvinnugreina sem nú þegar eru á svæðinu eru forsendur fyrir jákvæðri uppbyggingu. Þetta kemur fram í drögum að drögum aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar sem kynnt er á vef sveitarfélagsins. Eitt af viðfangsefnum aðalskipulags er að marka stefnu sem tryggir rekstrarumhverfi fyrirtækja og styrkir þannig möguleika á þróun og vexti atvinnulífs. Byggðapróun, samgöngur, skipulag atvinnusvæða og öflug samfélagsvitund eru þættir sem spila þar stórt hlutverk.

„Allir kjarnar Ísafjarðarbæjar hafa sterka sögu og sérstöðu sem ætti að nýta. Sérstaða hvers kjarna er talsverð og bæirnir einkennast af frumkvæði og einka-

framtaki sem hefur markað spor í söguna á mismunandi hátt“, segir í greinargerð með aðalskipulaginu.

Öflug grunngerð er alger forsenda fyrir atvinnuþróun á svæðinu. Samgöngur og veitukerfi á svæðinu hafa ekki staðist samanburð við mörg önnur landsvæði. Þetta hefur haft neikvæð áhrif á atvinnulífi vegna hás flutningskostnaðar fyrir framleiðslu- og þjónustugreinar, og laks afhendingaröryggis afurða í framleiðslugreinum. Auk þess hefur ferðaþjónustan mátt liða fyrir ímynd lélegs vegakerfis.

Núverandi staða í atvinnumálum einkennist af samdrætti í greinum sem snerta sjávarútveg, fiskvinnslu og iðnað. Breytingar hafa einnig orðið í landbúnaði og störfum þar hefur fækkað. Samgöngur eru erfiðar og upp-

bygging vegakerfis hefur ekki fylgt sama hraða og í öðrum landshlutum. Atvinnusvæði innan fjórðungsins er ekki samfelld og flutningskostnaður hár innan hans og til annarra landshluta.

Samfara samdrætti í sjávarútvegi hefur fjölbreytni og nýsköpun aukist í öðrum greinum. Atvinnugreinar geta styrkt hver aðra þó sumar eigi nánast enga samleið. Ferðaþjónusta og atvinnugreinar tengdar henni eru vaxandi, sérstaklega á allra síðustu árum. Við uppbyggingu atvinnutækifæra við ferðaþjónustu undanfarið hefur gjarnan verið litið til gamalla hefða og tíma.

Staðbundið háskólanám og háskólasamfélag á Ísafirði hefur vaxið undanfarin ár og uppbygging í tengslum við það m.a. með afleiddum störfum er mikil, á þessu er hægt að byggja enn frekar.

Brunabótamat fasteigna á Vestfjörðum 141 milljarður króna

Fasteignamat íbúða á Vestfjörðum var tæpir 46 milljarðar króna um síðustu áramót en brunabótamatið hljóðaði upp á 141 milljarð. Frá þessu er greint á vef Fasteignamats ríkisins en um hver áramót er brunabótamat endurreiknað með nýjum verðgrunni og tekið tillit til árlegra afskrifta. Í Ísafjarðarbæ var

brunabótamatið rúmir 68 milljarðar og í Bolungarvík var matið um 11 milljarðar. Í Reykhólahreppi var það rúmir 7,3 milljarðar, í Tálknafjarðarhreppi 4,8 milljarðar og 21 milljarður í Vesturbyggð. Þá var brunabótamat húseigna í Súðavík 7 milljarðar, tæpir 11 milljarðar í Strandabyggð, rúmir 2 milljarðar í

Árneshreppi, 2,5 í Kaldrananeshreppi og 2,7 í Bæjarhreppi.

Heildarfasteignamat á landinu öllu samkvæmt fasteignamati sem gekk í gildi 31. desember 2008 var 4.247 milljarðar. Þar af var fasteignamat húsa 3.506 milljarðar og fasteignamat lóða 741 milljarðar. Fasteignamat samtals hækkaði um 4,5% frá

31. desember 2007. Af þeirri hækkun er 0,3% til komin vegna árlegs framreiknings fasteignamats en 4,2% er til komin vegna fasteignamats nýrra fasteigna og eigna sem eru í byggingu. Fasteignamat á höfuðborgarsvæðinu var 3.069 milljarðar en 31. desember 2007 var það 2.971 milljarður, sem er 3,3% hækkun en

framreikningur fasteignamatsins fól í sér 0,4% lækkun þess.

Fasteignamat utan höfuðborgarsvæðis var 1.178 milljarðar en 31. desember 2007 var það 1.093 milljarðar, sem er 7,7% hækkun. Þar af nam hækkun vegna framreiknings fasteignamatsins rúmlega 2%.

– thelma@bb.is



Lagt er því til að ný háskólabygging rísi við neðsta hluta Aðalstrætis og á Wardstúni. Þar er mögulegt að skapa allt að 5000 m² lóð, en þegar björgunarmiðstöð hefur risið á Skeiði er hægt að stækka lóðina að Sindragötu um allt að 1700 m² að því er fram kemur í skipulaginu.

Lagt til að ný háskólabygging rísi við Wardstún á Ísafirði

Framtíðarsýn Háskólasets Vestfjarða gerir ráð fyrir að í Ísafjarðarbæ verði um 500 nemendur í háskólanámi árið 2011, sem samsvarar tæplega 300 heilsársnemum. Er þá ekki talinn með rannsóknarþáttur sem m.a. fylgir stofnunum á svæðinu. „Háskólasteirið leggur áherslu á háskólanám á fjölbreyttum sviðum sem öll tengjast málefnum haf- og strandsvæða, enda stutt í raunveruleg viðfangsefni. Stofnunin hyggst laða að erlenda sem innlenda námsmenn. Háskólasteirið mun verða miðstöð nýsköpunar og miðlunar á þekkingu á Vestfjörðum sem mun leiða til framfara og aukinna lífsgæða“, segir

í drögum að aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2008-2020.

Í aðalskipulaginu er lögð áhersla á að skólinn hafi hæfilegt rými til að stækka og dafna. Afar mikilvægt er að tengsl hans við miðbæinn og menningu staðarins verði sterk. Nálægð við sjóinn og hafnarsvæðið er einnig mikilvægur þáttur fyrir ímynd skólans. Í dag er Háskólasteirið til húsa í Vestrahúsinu við Suðurgötu, við hafnarsvæðið á Ásgeirsbakka. Nokkrir stækkunarmöguleikar eru í húsinu og svæðinu norður af því. Byggingin er í útjaðri þess sem getur kallast miðbær Ísafjarðar og eru tengslin við

hann því ekki mjög sterk þó vissulega séu þau til staðar. Lagt er því til að ný háskólabygging rísi við neðsta hluta Aðalstrætis og á Wardstúni. Þar er mögulegt að skapa allt að 5000 m² lóð, en þegar björgunarmiðstöð hefur risið á Skeiði er hægt að stækka lóðina að Sindragötu um allt að 1700 m² að því er fram kemur í skipulaginu. Nýtingarhlutfall er almennt nokkuð hátt á Eyrinni og er því lóðin nægilega stór miðað við þarfir skólans.

Stækkunarmöguleikar eru einnig í framhaldi af þessari lóð, suður með Suðurgötu en það svæði getur einnig nýst fyrir tengdar stofnanir. Staðsetningin er í mjög góð-

um tengslum við miðbæ Ísafjarðar og Edinborgarhúsið sem er eitt af menningarhúsum bæjarins. Jafnframt er lóðin í góðu færi við bæði hafnarsvæðin á Eyrinni. Þar að auki verður skólinn í mikilli nálægð við gömlu byggðina sem hentar sérlega vel fyrir nemendur og stundakennara, þannig að ekki verður þörf fyrir nýbyggingu nemendagarða. Lóðin er innan hverfisverndarsvæðis H8 og er því sérstök áhersla er lögð á að byggingar á lóðinni falli vel að þeirri byggð sem fyrir er.

Háskólasetur Vestfjarða er sjálfs-eignarstofnun í eigu margra stofnana, félaga og fyrirtækja sem tók til starfa í upphafi árs 2005.

Markmið setursins er að stuðla að fjölbreyttri uppbyggingu háskólamenntunar, rannsókna og þekkingarstarfs á Vestfjörðum, vera samstarfsvettvangur fyrir aðila er vinna að verkefnum á sviði rannsókna, háskóla- og símenntunar, fjölþjóðlegra samstarfsverkefna, nýsköpunar og byggða- og atvinnuþróunar.

Háskólasetur Vestfjarða hefur í samvinnu við aðrar menntastofnanir boðið upp á frumgreinanám, fjarnám við aðra háskóla, vettvangsskóla, sumarháskóla, endurmenntun og meistaranám í haf- og strandsvæðastjórnun.

– thelma@bb.is

Rósa Helga Ingólfsdóttir er skattstjóri Vestfjarðaumdæmis og tók við embættinu í júlí á síðasta ári. Árið 2008 var viðburðaríkt í lífi Rósu því hún skipti tvisvar um starfsvettvang með tilheyrandi búferlaflutningum. Hún hóf vinnu í Landsbankanum í febrúar á síðasta ári eftir þrettán ára dvöl á skattstofunni á Siglufirði, en ákvað fyrir mikla mildi, að hennar sögn, að taka stöðu skattstjóra á Vestfjörðum nokkrum mánuðum áður en bankarnir hrundu og seldi húsið sitt á Siglufirði. Dóttir hennar ákvað að vera eftir fyrst um sinn á Siglufirði en er nú flutt til móður sinnar og búa þær saman á Urðarvegi á Ísafirði.

Árið 2008 viðburðaríkt

Rósa er dóttir Ingólfs Hauks-sonar og Maríu Sigurgeirsdóttur og fædd og uppalin í Reykjavík. Hún gekk í Langholtsskóla og kláraði verslunarpróf frá Fjölbrautaskólanum í Ármúla. Þegar Rósa var tvítug flutti hún til Siglufjarðar eftir að hafa kynnst manni þaðan. Hún var ekki ókunnug plássinu því að systir hennar bjó þar og Rósa hafði eytt þar sumrum sínum í æsku og vann í frystihúsinu á sumrin. Eftir að hún var búin að vinna á skattstofunni á Siglufirði í sjö ár ákvað hún að fara í viðskiptafræði í fjarnámi við Háskólann á Akureyri árið 2002.

Útskrifuð 2007

„Við vorum nokkur á Siglufirði, þar á meðal ég og þáverandi maðurinn minn, sem fengum það í gegn að stunda fjarnám í viðskiptafræði frá Siglufirði. Við þurftum að vera sjö til þess að námið yrði sett upp og við náðum því. Við voru átta sem byrjuðum um haustið en um áramótin vorum við fjögur sem vorum eftir. Ein þeirra fór þá til staðarnáms við Háskólann á Akureyri en við hin héldum áfram. Tvær útskrifuðumst við í júní 2006 en einn útskrifaðist árið eftir.

Ég og sú sem útskrifaðist með mér vorum samstarfskonur á skattstofunni á Sigló en þegar við höfðum lokið náminu urðum við báðar deildarstjórar á stofunni. Svo þegar skattstjórastaðan losnaði á Sigló 1. desember 2007 sóttum við báðar um hana. Á þessu tímabili var ég nýbúin að kaupa mér hús á Siglufirði eða þá um sumarið. Þá var ég nýbúin að læra og langaði að finna mér einhvern punkt. Ég hafði verið í leiguhúsnæði í sjö ár og svo átti stelpa mín eftir þrjú ár í grunnskólanum. Planið var að leyfa henni að klára skólann á Sigló

áður en við myndum eitthvað hugsa um það að flytja úr bænum, en sonur minn var farinn að heiman í framhaldsnám,“ segir Rósa.

Hún fékk hins vegar ekki stöðuna heldur samstarfsskona hennar á skattinum.

Komin á krossgötur

„Á sama tíma hafði Landsbankinn í Reykjavík samband við mig, en eftir úrskrift hafði ég sent inn almennar umsóknir í bankana. Þeir spurðu mig hvort ég vildi ekki koma í viðtal. Ég vissi ekki alveg þá hvað ég átti að gera, var á einhverjum krossgötum, fannst mér. Ég var búin að lýsa því yfir, að ef ég fengi ekki stöðuna, heldur vinkona mín og samstarfsskona, þá héldi ég áfram á stofunni næstu þrjú ár.

Svo þegar á reyndi var sú ákvörðun ekki alveg eins auðveld og ég hélt. Mér fannst ég vera komin að einhvers konar tímamótum á skattstofunni á Siglufirði, þar sem metnaður minn var að ná aðeins lengra og ljóst var að ég myndi ekki gera það þar. Ég ákvað því að slá til og fara í viðtalið hjá Landsbankanum og leist mjög vel á. Lengi vel eða frá því að ég var unglingur hafði blundað í mér að vinna í banka. Það skrítna var að mig langaði alltaf að vinna í Landsbankanum, þar sem ég þekkti þann banka best frá því að ég var unglingur að alast upp í Langholtshverfinu í Reykjavík. Þess vegna sló ég til og fór að vinna hjá bankanum í frágangi erlendra verðbréfavíðskipta.

Þar sem ég er nú frekar jarðbundin og lítið fyrir að taka stórar áhættur í lífinu, þá var ég samt ekki tilbúin til að hætta alveg hjá skattstofunni ef eitthvað skyldi nú ekki ganga upp þarna í Reykjavík, þannig að ég tók eins

árs launalaust frí. Mig hafði oft dreymt um það á þessum 18 árum á Siglufirði að flytja aftur „heim“ til Reykjavíkur, og þarna fékk ég tækifæri til þess.

Ég byrjaði að vinna hjá Landsbankanum við Austurstræti 1. febrúar 2008. Ég ákvað að skilja stelpuna mína eftir hjá föðurömmu sinni á Siglufirði því hún vildi vera þar áfram. Ég leigði ekki húsið mitt og fór á milli eins oft og ég gat,“ segir Rósa, og fannst töluverð breyting að flytja til Reykjavíkur á þessum tíma. Hún bjó hjá frænda sínum í Hafnarfirði og keyrði í vinnuna á hverjum morgni.

Reykjavík var ekki eins og hún hafði ímyndað sér eftir að hún kvaddi borgina fyrir átján árum.

„Þetta var ekki alveg eins mikil sæla og ég hafði ímyndað mér. En samt var þetta mjög gaman að breyta til og mjög gott að vinna hjá

bankanum. Í rauninni var ég síðasta manneskjan til þess að vera ráðin hjá honum.“

Titringurinn byrjaður

– Fannstu fyrir einhverjum skjálfta innan bankans?

„Já, allavega í því að það var komið stopp í ráðningar, en það var búið að vera mikið um ráðningar á árunum á undan. Spennan var samt ekki orðin eins mikil eins

og hún varð svo þegar liða fór á árið. Samt hafði einhver orð á því, að árshátíðin sem ég fór á hjá bankanum í mars 2008 hefði nú ekki verið eins vegleg og árið áður. Vegleg var hún nú samt, fannst mér, en þarna var maður var við að einhver sparnaður væri byrjaður í bankanum. Það kom einnig í ljós þegar tilkynnt var um bónus starfsmanna í apríl 2008, en hann hafði þá verið lækkaður um helming, þannig að maður fann að eitthvað var að breytast,“ segir Rósa, og á þeim tímapunkti sá hún

stöðu skattstjóra á Vestfjörðum auglýsta.

„Ég er með svo mikla reynslu af skattstofuvinnu og fannst hálfgerð synd að nýta hana ekki. Ég ákvað því að sækja um, það hefur verið í maí. Daginn sem var hringt í mig og mér tilkynnt að ég fengi stöðuna, þá reið jarð-skjálftinn mikli yfir á Suðurlandi. Þetta var svolítið skritinn morgunn, því fyrst var hringt í mig og mér tilkynnt að ég hefði fengið embættið á Ísafirði. Því fylgdi smá geðshræring fyrir mig, og á sama tíma reið stóri skjálftinn yfir. Má því að segja að bæði jörðin og ég innra með mér hafi titrað sæmilega.

Þegar ég var búin að jafna mig aðeins á þessum hræringum ákvað ég að fara strax til míns deildarstjóra til að segja henni fréttirnar, því ég hafði ekki langan frest til að láta vita áður en þetta yrði tilkynnt í fjölmiðlum. Ekki náði ég tali strax af henni, þar sem hún þurfti að halda stuttan starfsmannafund „á gólfinu“ hjá okkur til að tilkynna okkur að tveimur stúlkum í deildinni hefði verið sagt upp vegna samdráttar. Mér leið dálítið skringilega við þessar fréttir, þar sem ég var sjálf á leiðinni að segja upp vinnu minni í bankanum.“

Ég hafði engum sagt frá því að ég hefði sótt um á Skattstofunni fyrir vestan, þar sem ég vildi ekki opinbera það fyrr en búið væri að skipa í stöðuna. Áður en ég sagði deildarstjóranum að ég hefði fengið stöðuna á Ísafirði tilkynnti hún mér að ég þyrfti ekki að hafa áhyggjur af minni fastráðningu, en hún átti einmitt að fara eiga sér stað eftir fimm mánaða vinnu í bankanum.

Ekki breytti það samt minni ákvörðun og ég sagði upp í bankanum og vann þar til 1. júlí. Ég var sett í stöðuna fyrir vestan frá þeim degi en ákvað að taka mér smáfrí til þess að fara á Siglufjörð og pakka niður og ganga frá minum málum,“ segir Rósa, og var mjög heppin að eigin sögn, því um leið og fréttist að hún væri á leiðinni til Ísafjarðar var haft samband við hana um húsið og það seldist strax. Rósa telur sig einnig hafa verið heppna að hafa yfirgefið bankann á þessum tímapunkti.

Væri atvinnulaus núna

„Ég væri líklegast atvinnulaus núna hefði ég ekki gert það, því þessi deild sem ég vann hjá, erlend verðbréfavíðskipti, er ekki til hjá bankanum í dag. Sumir af þeim sem ég vann með eru atvinnulausir en hinir fengu vinnu hjá nýja bankanum. Ég var svo ný inn að ég hefði aldrei haldið vinnunni. Ég hefði samt sloppið inn aftur hjá skattstofunni á Siglufirði, því ég var þar í ársfrí og þurfti að láta vita fyrir nóvember hvort ég tæki til starfa

aftur. Ég held að þetta hafi verið einhver lukka hjá mér á þessum tíma,“ segir Rósa.

Hún segist hafa komið einu sinni áður til Ísafjarðar fyrir átta árum að heimsækja vinkonu sína. Um leið og hún steig út úr bílnum á Ísafirði sór hún þess dýran eið að koma aldrei hingað aftur akandi.

„Ég heilsaði ekki einu sinni, heldur lýsti ég því yfir að ég kæmi aldrei aftur akandi. Mér fannst þetta alger hörmung. Við vorum búin að vera kvartandi og kveinandi fyrir norðan um vegina þar. Maður hafði því gott af því að koma hingað og ég hætti algerlega að kvarta yfir vegunum fyrir norðan.

Þegar ég kom núna hafði þetta skánað aðeins, en mér finnst samt sem áður mikið á vanta að þetta geti talist viðunandi. Mér finnst þessi fjórðungur hafa gleymst, í ljósi þess hversu margir vegir eru ómalbikaðir,“ segir Rósa, en hún telur það samt til bóta að hafa flugvöll á Ísafirði ef hún þarf að fara til Reykjavíkur vegna vinnunnar.

Líkar veran hér

– Hvernig kanntu við þig á Ísafirði?

„Mér finnst mjög gott að vera hérna. Mér finnst Ísafjörður og Siglufjörður vera mjög svipaðir staðir. Ég er vön fjöllunum frá Siglufirði og finn til dæmis ekki fyrir neinni sérstakri hræðslu varðandi snjóflóð og slíkt, þó svo að ég búi efst í bænum og með fjallið beint fyrir ofan húsið, en margir hafa einmitt spurt mig að því hvort það angri mig ekkert.

Það var alveg yndislegt að búa inni á frænda mínum og konu hans þegar ég var fyrir sunnan að vinna og mér leiddist aldrei, því hann var með fjölskyldu og lítil börn. En það var líka gott að koma hingað til Ísafjarðar og vera aftur út af fyrir mig. Það hjálpaði mér líka mikið að ég átti eina vinkonu hérna áður en ég kom. Hún heitir Sigurey Valdís Eiríksdóttir og vinnur hjá Vegagerðinni. Þá var ég ekki alveg ein heima þegar ég kom hingað. Hún bjó með mér fram í miðjan september og ég hafði mjög gaman af því.

Dóttir mín flutti svo til mín núna um áramótin og líkar bara vel, enn sem komið er. Hún er einmitt byrjuð að æfa körfubolta en hana hefur lengi dreymt um það.“

– Ertu komin aðeins inn í samfélagið?

„Ég fer alltaf í ræktina. Svo var mér boðið í Zontaklúbbinn. Það er svona það helsta sem ég geri. Svo er ég á stærsta vinnustað Ísafjarðabæjar í Stjórnsýsluhúsinu. Mér líður mjög vel hérna. Stelpurnar á skattstofunni hafa tekið mér æðislega vel og mér hefur gengið mjög vel að aðlagast

vinnustaðnum,“ segir Rósa, og segir skattstjóravinnuna mjög áþekka og að vinna sem deildarstjóri á stofunni á Siglufirði.

„Ég þarf reyndar að fást við þessi erfiðu mál sem ég gat áður hent í skattstjóránn heima á Siglufirði. Nú þarf ég að sjá um þau sjálf. Maður þarf líka að sjá um rekstrarhlíðina og taka á sig niðurskurð á fjárlögum.“

– Finnst þér þú þurfa að passa upp á hegðun þína úti í samfélaginu nú þegar þú ert orðin skattstjóri?

Siglufjörður „heima“

„Ég var einmitt að ræða þetta á Siglufirði um jólin, og þar var ég bara Rósa en ekki skattstjórnin. En auðvitað verður maður alltaf að hafa þetta á bak við eyrað. Maður fer ekkert að haga sér eins og hálfviti,“ segir Rósa og hlær. „En ég reyni bara að vera ég sjálf.“

Þegar hún minnist á að hafa farið til Siglufjarðar yfir jólin kemur hún inn á það að hún kallar Siglufjörð heima. Áður fyrr þegar hún bjó á Siglufirði, þá var það Reykjavík sem var „heima“.

„Mamma er á spítalanum á Siglufirði, en hún flutti á Siglufjörð árið 1994 þegar hún og faðir minn skildu. Hún er búin að vera á spítalanum þar síðan haustið 2006. Systir mín býr líka ennþá á Siglufirði. Ég kem því til með að vera eitthvað með annan fótinn þar. Sonur minn býr í Reykjavík og spilar fótbolta með KR, en hann er nýkominn í meistaraflokkinn hjá þeim. Aron Ingi Kristinsson heitir hann. Hann æfði fyrst fótbolta með KS á Siglufirði en fór svo að æfa með KA þegar hann byrjaði í framhaldsskóla á Akureyri og bjó þá hjá föður sínum. Hann flutti svo

til Reykjavíkur í byrjun árs 2007, þar sem hann stundar nám í Fjölbrautaskólanum við Ármúla ásamt fótboltanum, en boltinn er númer eitt, tvö og þrjú hjá honum“ segir Rósa.

Hugsaði um veðrið

– Þegar þú ákvaðst að taka starfið og flytja vestur, hugsaðir þú þá eitthvað út í það hvernig ástandið væri á Vestfjörðum? Stundum er sagt að þaðan berist aðeins neikvæðar fréttir um fólksflotta og náttúrhamfarir.

„Nei, ég get ekki alveg sagt það. Ég spáði svolítið í hvernig veðrið væri hérna, því þegar þú býrð fyrir utan Vestfirði, þá heyrir bara talað um veðrið í Reykjavík, á Akureyri og á Egilsstöðum. En þegar ég fór að rifja það upp, þá man ég bara eftir að hafa heyrt talað um brjálað veður á Ísafirði. Ég spurði hvort það væri gott veður á Ísafirði, því maður heyrir ekkert um það talað í fréttum hvort það sé gott veður á Ísafirði. Þú heyrir ef það er gott veður á Reykjavík. En það var ágætis veður á Ísafirði síðasta sumar. Það er bara ekkert talað um það.

Ég hugsaði líka út í vegalengdina. Mér finnst þetta svolítið langt í burtu frá Siglufirði. Maður þarf að keyra alla þessa firði og sumt af þessu eru malarvegir, en það lagast vonandi eitthvað þegar brúin verður tekin í notkun,“ segir Rósa. Hún talar einnig um að samstarfsfélagar hennar í Landsbankanum hafi orðið hvumsa þegar hún sagði þeim að hún hygðist taka stöðu skattstjóra á Vestfjörðum og flytjast á Ísafjörð. Margir af þeim hafi ekki einu sinni farið til Mosfellsbæjar.

„Það er eitt sem er búið að koma mér á óvart hér á Ísafirði, og það er hversu oft rafmagnið

fer af. Það hefur farið þrisvar bara í haust á meðan það fór kannski einu sinni á vetri á Siglufirði. Maður finnur svolítið fyrir því að Vestfirðir eru út undan í þessum efnum.“

Lífsgæðakapphlaupið í Reykjavík

Rósa kemur inn á að hún finni fyrir mun meiri spennu í þjóðfélaginu í dag í Reykjavík heldur en á Ísafirði og á Siglufirði.

„Lífsgæðakapphlaupið er bara búið að vera í Reykjavík. Ég fann það þegar ég flutti til Reykjavíkur á síðasta ári, að ég var orðin svolítill landsbyggðarmanneskja. Það kom mér svolítið á óvart hvað mér fannst mun þægilegra að vera innan um fjöllin og vera í rólegheitunum. Ég hef aldrei fundið fyrir sérstöku stressi þegar ég hef verið í Reykjavík, enda alin þar upp, en mér þótti orðið frekar þreytandi á síðasta ári að keyra alla þessa vegalengd til að komast í vinnuna.

Það kom einu sinni fyrir að ég var 60 mínútur á leiðinni, en oftast tók það mig um 30 mínútur að komast í miðbæinn á morgnana. Svo tók við annar eins tími í að finna bílastæði. Á Siglufirði vaknaði maður korteri fyrir vinnu, en þegar ég bjó í Hafnarfirði þurfti maður að vakna einum og hálfum tíma áður.

Þó ég hafi unnið frá 9 til 5 í Reykjavík, þá var dagurinn alltaf mun lengri, því maður eyddi svo miklum tíma í bílnum að keyra á milli staða. Ég kann betur við að hafa þetta eins og hér, styttri vegalengdir, og maður nær að nýta daginn mun betur en fyrir sunnan,“ segir Rósa Helga Ingólfsdóttir.

– *birgir@bb.is*

Pólskir karlmenn í meirihluta innflytjenda

Um 550 erlendir ríkisborgarar voru búsettir í fjórðungnum í upphafi síðasta árs. Þar af eru Pólverjar fjölmennastir eða 361 talsins. Athygli vekur að karlmenn eru í miklum meirihluta af pólskum innflytjendum eða 217 á móti 144. Langflestir íbúar með erlendan bakgrunn er í Ísafjarðarbæ eða 7% af áætluðum mannfjölda sveitarfélagsins.

Erlendum innflytjendum hefur fjölgað litillega undanfarinn áratug en árið 1998 voru íbúar með erlent ríkisfang í fjórðunginum 461 eða 0,5% af mannfjölda fjórðungsins. Í upphafi síðasta árs voru innflytjendur á Íslandi 25.265 tals-



ins, eða 8,6% mannfjöldans. Það er mikil aukning frá árinu 1996 þegar innflytjendur voru einungis 2% landsmanna, eða 5.356 talsins.

Hlutfall innflytjenda hér á landi er nú álíka hátt og í Noregi og Danmörku. Aftur á móti er


hlutfall annarrar kynslóðar innflytjenda mun lægra hér á landi en í þessum löndum. Árið 1996 tilheyrðu einungis 0,1% landsmanna annarri kynslóð innflytjenda en 0,5 árið 2008. Þessar tölur eru fengnar frá Hagstofunni.

Bloggið

Vilmundur

Hjálmar Sveinsson er einn albesti útvarpsmaður landsins. Hann heldur úti Krossgötum, þætti á Rás eitt sem er þvilíkt gullkorn að maður þreytist aldrei á að beina eyrum fólks að því. - -

- Þar fá hlustendur m.a. að heyra magnaða ræðu Vilmundar heitins Gylfasonar. 26 ára gömul ræða sem er á margan hátt meira videigandi en þær ræður sem við heyrum í dag. Nærri þriggja áratuga gamla ræðu sem er í meiri tengslum við líðandi stundu en þær ræður sem atvinnupólitíkusarnir flytja nú um stundir. Það er ótrúlegt að upplifa það hversu veruleikafírrtir margir stjórnmálamenn eru þessa dagana. Ég vil taka það fram að ég undan-skil engan flokk þessari gagnrýni minni. Það dylst engum sem mig hitta þessi dægrið að ég er ótrúlega gröm út í Samfylkinguna, því ég bar virkilegar væntingar til þess flokks. Ég geri það reyndar enn, sem er meira en margur sem ég þekki. Af hverju? Jú vegna þess að ég heyri í flokksmönnum og veit því að það er ekki öll von úti.



Helga Vala Helgadóttir
<http://eyjan.is/helgavala/>

Uppreisn 1979

Í september 1979 virtist ekkert vera á seyði sem benti til stjórnsarslita einmitt þá. Þingsetning nálgadist og fólk beið eftir því í rölegheitum að það tæki til starfa. Sumarið hafði verið mjög tíðindalítið á stjórnmálasviðinu og ríkt logn miðað við óróasumarið árið áður. - - - Fundur var hjá Alþýðuflokksfélagi á Hótel Loftleiðum síðla í september, - man ekki í augnablikinu hvort það var kvenfélagið eða hið almenna félag, - en hvað um það, - á fundinum var skorað á ráðherra flokksins að slíta stjórnsamstarfinu og þetta nægði til að sprengja það. - - - Uppreisnarmenn í Alþýðuflokkn-um gerðu þetta meðan formaður hans, Benedikt Gröndal var erlendis. Nú er margfalt meiri órói í þjóðfélaginu en í september 1979, ósam-bærilega miklu meiri. Fyrst ríkisstjórn var sprengd á einum fundi fyrir tæpum 30 árum ættu allir að vera viðbúnir hverju sem er nú.



Ómar Ragnarsson
<http://omarragnarsson.blog.is/blog/omarragnarsson/>

Framsókn

Ekki byrjar siðbótin í Framsókn vel. Fyrst er Höskuldur lýstur formaður og svo Sigmundur nokkrum mínútum síðar. Hver verður það í kvöld? Guðni? Valdi koppasali? Ragnar Reykás? Hver sér um atkvæðatalninguna fyrir þessa dúdda? Inspector Clouseau? - - - Ég veit ekki hvort ég eigi að samgledjast Sigmundi eða samhyggjast. Jú reyndar, ég veit það. Hann er í skelfilegum málum. Þarna fór fin perla í svinskjaft. Ég sem hélt að það yrði eitthvað úr honum. Ég myndi eflaust kjósa Sigmund í persónulegri kosningu, en flokkinn og allt það fálkager sem honum fylgir mun ég að sjálfsögðu aldrei kjósa. - - - Jónína Ben vinkona mín heldur að það sé hægt að ræsta spillinguna úr flokknum. Í gær setti ég inná síðuna hennar þessa athugasemd: *Að ætla sér að reyna að hreinsa spillinguna úr Framsóknarflokknum er einsog að ryksuga hús sem er gegnėtið af veggjatílum. Það verður að brenna kofann til grunna.* Þessi flokkur á álíka mikið erindi við þjóðina og minkur við hænshabú.

Sverrir Stormsker
<http://stormsker.blog.is/blog/stormsker/>



Áhersla verður lögð á tengsl byggðar við sögu, atvinnuhætti og náttúru svæðisins.

Yfirbragð Ísafjarðarbæjar hverfur aftur til 20. aldar

Unnið verður markvisst að því að yfirbragð miðsvæða Ísafjarðarbæjar verði sem líkast því sem það var á fyrsta hluta tuttugustu aldar í nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins en nýrri hverfi fá að þróast í takt við tíðaranda síðari tíma. Samkvæmt drögum að aðalskipulaginu verður lögð áhersla á að ná samfelldum bæjarhlutum í þetta horf til að ná sem mestum heildaráhrifum. Í því sjónarmiði verði öll hús, með verndargildi samkvæmt húsakönnun, vernduð og gerð upp að utan en jafnframt verði áhersla lögð á að endurheimta falleg hús sem nú eru horfin. Eigendur verða þó ekki þvingaður til að ráðast í breytingar á eignum sínum.

Mikilvægt er að allar breytingar á eldri byggð falli vel að umhverfi sínu og heildarmynd byggðarinnar. Skipulag í tengslum við nýbyggingar og uppbyggingu eldri húsa í Ísafjarðarbæ, skal taka mið af stærðum og hlut-

föllum eldri húsa í umhverfinu og við staðsetningu skal taka mið af sögulegum arfi. Til að hægt sé að framfylgja aðalskipulaginu verður að ljúka við húsakönnun fyrir allan Ísafjarðarbæ á árinu 2009. Áhersla verði lögð á tengsl byggðar við sögu, atvinnuhætti og náttúru svæðisins, þannig að sérstaðan fái að njóta sín. Í því sambandi má nefna heildræna tengingu á milli Hæsta-, Mið- og Neðstakaupstaðar.

Menningarsöguleg verðmæti, önnur en byggingar, þarf einnig að vernda en jafnframt veita almenningi aðgang að þeim, hvort sem þau eru manngerð eða náttúruleg. Áhersla verður lögð á metnaðarfulla hönnun á umhverfi, m.a. lýsingu, gangstétta- og gatnagerð. „Mikilvægt er að efla vitund almennings um þessi verðmæti, m.a. með aðgangi að upplýsingum, fræðslu og notkun á gömlum örnefnum, gönguleiðum o.fl. Það verður íbúum, fyrir-

tækjum og stofnunum hvatning til að fegra umhverfið og styrkja þróun svæðisins. Samvinna og skilningur á milli íbúa, atvinnulífs, bæjaryfirvalda og annarra hagsmunaaðila er eitt af lykilatriðum í þessu samhengi“, segir í greinargerð á vef Ísafjarðarbæjar.

Reynslan hefur sýnt að yfirbragð og umhverfi bæja ræður miklu um hvar fólk kys að búa. Hið sama gildir um aðráttarafl fyrir ferðamenn. Efling þessara grunnstoða mun því styrkja samfélag og efnahag svæðisins, þ.e. laða að sér íbúa og ferðamenn en einnig leiða til fjölbreyttara atvinnulífs, nýsköpunar auk þess að efla stolt og sjálfsmynd íbúa á svæðinu. Með skýrri stefnu í þessum málaflokki er ætlunin að eyða óvissu um framtíð svæðisins og veita íbúum og atvinnulífi öryggi sem mun efla jákvæða þróun svæðisins.

– thelma@bb.is

Net göngu- og hjólaleiða myndað

Mynda á net göngu- og hjólaleiða í og við þéttbýlisstaði Ísafjarðarbæjar samkvæmt drögum að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins. „Gott aðgengi að göngu- og hjólaleiðum er mikilvægur þáttur í að efla lýðheilsu. Göngu- og hjólastígakerfi sem tengir saman hverfin, virkar hvetjandi á almenning til aukinnar hreyfingar og útivistar. Stígakerfið á einnig að vera valkostur við aðrar samgönguleiðir og geta þannig stuðlað að heilnæmara umhverfi“, segir í drögum að aðalskipulagi fyrir árin 2008-2020.

Áhersla er lögð á að megin-gönguleiðir verði færar öllum íbúum, allt árið og ávallt verði leitast við að hafa aðgengi fyrir alla, þar sem því verður við komið. Mikilvægt er að göngu- og hjólaleiðir verði lagðar þannig að sem mest jákvæð áhrif verði frá umhverfinu s.s. náttúrunni en að neikvæð áhrif, eins og frá bíla-umferð, verði lágmörkuð. Áhersla skal einnig lögð á að leita öruggra lausna þar sem göngu- og hjólaleiðir þvera stærri umferðargötur. Forgangsatriði er að leggja örugga göngu- og hjólaleið milli

Hnífsdals og Ísafjarðar og ljúka við að tengja saman hverfin í Skutulsfirði. Einnig er mikilvægt að gerð verði undirgöng undir Vestfjarðarveg milli Holta- og Tunguhverfis til að tryggja örugga tengingu milli þessara hverfa.

Göngustigar í nágrenni þéttbýlisstaðanna skulu tengjast íbúðarsvæðum og miðbæjum og mynda hringtengingu úti í náttúrunni. Leggja skal áherslu á að aðgengi að fjörum og strandsvæðum, t. d. með lagningu göngustíga meðfram sjónum og áningarstöðum við fjöruna.

Algjört forgangsatriði að bæta afhendingaröryggi raforku

Búist er við að raforkunotkun á Vestfjörðum hafi aukist um 6,4% árið 2020 samkvæmt raforkuspá 2008-2030. Spáin miðast við þá þróun sem hefur verið undanfarin ár. Ekki er gert ráð fyrir nýjum atvinnuvegum eða verulegri fjölgun íbúa á svæðinu. Með álagi umfram raforkuspá minnkar afhendingaröryggi enn frekar og straumleysistímum fjölgar. Í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar fyrir árin 2008-2020 er miðað að því að bæta afhendingaröryggi raforku og draga verulega úr straumleysi, auka möguleika á að mæta aukinni orkuþörf og stuðla að aukinni orkunýtni. Algjört forgangsatriði er að bæta afhendingaröryggi raforku í sveitarfélaginu segir í drögum að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins. Þetta á einnig við um nágrannasveitarfélög sem

tengjast inn á tengivirki í Mjólka. Mikilvægt er að styrkja flutningskerfið til Vestfjarða að Mjólka. Nokkrir möguleikar hafa verið skoðaðir en ekki liggja fyrir allar tæknilegar forsendur til að hægt sé að meta áhrif þeirra. Línan liggur jafnframt í gegnum fleiri sveitarfélög og því um samvinnuverkefni að ræða. Leiðirnar sem helst hafa verið skoðaðar eru: Að leggja erfiða kafla í jarðstreng og nýta loftlínuna sem varaleið. Að leggja nýja línu frá Mjólka að Hjarðarnesi á Barðaströnd og þaðan í sæstreng að Stykkishólmi. Þetta myndi einnig bæta afhendingaröryggi á Snæfellsnesi. Að leggja nýja línu frá Mjólka að Skálmarnesmúla í A-Barðastrandasýslu og þaðan í sæstreng að Stykkishólmi. Þetta myndi einnig bæta af-

hendingaröryggi á Snæfellsnesi. Að tvöfalda línuna milli Mjólkár og Geiradals í A-Barðastrandasýslu. Aðalskipulagið tekur ekki afstöðu til hvaða leið er farin en leggur áherslu á að úrbætur verði gerðar enda er það forsenda jákvæðrar byggðapróunar. Ný línuleið innan sveitarfélagsins er þó háð breytingu á aðalskipulagi þessu og umhverfismati eins og lög gera ráð fyrir. Leggja skal áherslu á að velja bestu leiðina með tilliti til afhendingaröryggis en jafnframt hlífa umhverfi við neikvæðum áhrifum. Sérstaklega skal litið til þess að mikið er um verðmæt náttúrusvæði á leiðinni, s.s. Dynjandi, Geirþjófsfjörður, Vatnsfjörður og Breiðafjörður. Gert er ráð fyrir að raflínur verði lagðar í jarðstreng um fyrirhuguð jarðgöng á svæðinu.

Bolungarvíkurlína 2 skal lögð í jarðstreng í gegnum Bolungarvíkurgöng, með því minnkar álagið á Bolungarvíkurlínu 1. Jafnframt verður möguleiki á að reka flutningskerfið sem tengir Ísafjörð, Breiðadal og Bolungarvík í hringtengingu og auka þannig afhendingaröryggi á þessum stöðum. Breiðadalslína skal lögð í jarðstreng í veggöng milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar. Með því verður erfiðasti hluti núverandi loftlínu lagður af og afhendingaröryggi til norðanverðra Vestfjarða eykst verulega. Nýr jarðstrengur að göngum mun liggja um svæði sem er á náttúruminjaskrá. Jarðstrengirnir skulu liggja meðfram nýju vegunum, eins og kostur er. Hugmyndir eru um að virkja Hvalá í Ófeigsfirði í Árneshreppi (utan skipulagssvæðisins). Til

þess að nýta orkuna er gert ráð fyrir að leggja allt að 66 kV jarðstreng/sæstreng um Ísafjardardjúp í tengistöðina á Ísafirði, komi til þessarrar framkvæmdar. Langstærstur hluti línunnar mun liggja utan sveitarfélagsins. Stefnt skal að því að allar raflínur verði lagðar í jörðu þar sem það er kostur. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlífð eins og kostur er. Æskilegt er að línur liggja meðfram vegum þar sem landi er þegar raskað. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma. – *thelma@bb.is*



Bændur á Vestfjörðum hvattir til að stefna að lífrænni framleiðslu

Áhersla er lögð á að hefðbundinn landbúnaður sem atvinnugrein geti eflst í nýju aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og uppbygging stöðgreina hans verði auðveldaðar. Möguleikar til breytinga felast m.a. í framleiðslu og sölu afurða, á ýmsum framleiðslustigum, beint til neytenda. Í greinargerð með drögum að aðalskipulaginu segir að mikilvægt sé að tryggja möguleika til úrvinnslu landbúnaðarafurða heima í héraði. Því er gert ráð fyrir vinnsla á afurðum geti farið fram á býlum og að mannvirki því tengd verði innan landbúnaðarsvæða. Þetta á einnig við um

heimasláturhús og sölu- eða veitingahús þar sem vara af býlinu er seld. Áfram er gert ráð fyrir að bændur geti stundað sjósókn frá sínum jörðum. Einnig er gert ráð fyrir minni mannvirkjum fyrir fiskverkun á landbúnaðarsvæðum svo sem fiskþurrkun í hjöllum. Landbúnaðarsvæði eru afmörkuð með tilliti til landslags og innviða. Gert er ráð fyrir að þau svæði sem í dag eru nýtt til landbúnaðar, auk þeirra svæða sem henta vel til landbúnaðar og eru í góðum tengslum við innviði eins og vegasamband og rafveitu, verði skilgreind sem landbúnað-

arsvæði. Lögð er áhersla á að það land sem best hentar til matvælaframleiðslu, svo sem kjöt, mjólk, grænmeti eða korn, verði fyrst og fremst nýtt til slíkrar framleiðslu. Með því að spilla ekki slíku landi er einnig viðhaldið möguleikum fyrir nýliða að hefja búskap. Ekki er gert ráð fyrir landbúnaðarsvæðum þar sem landbúnaður hefur lagst af og aðgengi er lélegt, enda er hagkvæmast að nýta fyrst þau svæði sem eru næst byggð. Með því að hverfisvernda fyrrum landbúnaðarsvæði, eru þau varðveitt þannig að nýta megi þau fyrir landbúnað

í framtíðinni. Mikilvægt er að þessi svæði verði ekki nýtt á þann hátt að aðrir valmöguleikar, svo sem landbúnaður, verði útilokaðir. Hugsanlegar efnahagsþrengingar í heiminum geta haft þau áhrif að hagkvæmt verði að nýta meira land til landbúnaðar en skilgreint er í þessu skipulagi og verður þá hægt að breyta aðalskipulaginu til samræmis við það. Mikilvægt er að möguleikum til þróunar og nýsköpunar á landbúnaðarsvæðum verði haldið opnum svo nýta megi núverandi aðstöðu til fulls en einnig má gera ráð fyrir breytingum samfara breyttum aðstæðum í

þjóðfélaginu. Gert er ráð fyrir að heimild landeigenda til hefðbundinnar hlunnindanýtingar verði óbreytt, svo sem æðarvarp, fiskveiði og eggjataka. Gert er ráð fyrir að innan landbúnaðarsvæða verði heimilt að reisa allt að þrjú sumarhús á hverri jörð án þess að breyta aðalskipulagi þessu. Tryggja skal markvissa umhverfisstefnu þar sem áhersla er lögð á hreinleika umhverfis og afurða. Hvatt er til þess að bændur stefni að lífrænni framleiðslu og skal leitað leiða til að auðvelda þeim breytingar í þá veru. – *thelma@bb.is*

smáar

Óska eftir búsaðöldum fyrir lítinn pening eða ókeypis. Uppl. í síma 772 0619.

Leitum að barnapiu fyrir dóttur okkar á morgnana á virkum dögum. Uppl. í síma 616 9404 eða á jacobkasper@gmail.com.

Þorralblót Grunnvíkingafélagsins verður haldið 14. febrúar.

Kaupi bíla til niðurrífs. Uppl. í síma 825 2173.

Til leigu er 2ja herb. íbúð á Engjavegi á Ísafirði. Upplýsingar í síma 820 8284.

Átt þú skauta í geymslunni? Óska eftir að kaupa skauta nr. 30 og nr. 40. Upplýsingar í síma 899 0773.

Fimmtíu fermast á Ísafirði

„Einn spílastokkur eða 52 einstaklingar,“ segir sr. Magnús Erlingsson, aðspurður fjölda einstaklinga sem fermast í Ísafjarðarprestakalli í ár. Er þetta sami fjöldi og fermdist í fyrra að sögn Magnúsar. 3.555 einstaklingar búa í Ísafjarðarprestakalli líkt og árið á undan. Að sögn Valdimars Hreiðarssonar, sóknarprest á Suðureyri, fermast sex börn á Suðureyri og fimm í Súðavík. Fjórir fermast í Holti í Öndarfirði.



Ragnar Jakobsson.

Endurgerir 90 ára gamla Lóu

Ragnar Jakobsson bátasmiður í Bolungarvík er að gera upp 90 ára gamlan bát sem ber heitið Lóa og var smíðaður á Ísafirði árið 1920. Er þetta tíundi báturinn sem Ragnar endurgerir og smíðar

í upprunalegri mynd en hina nýu gerði hann upp fyrir Þjóðminjasafnið og Byggðasafn Vestfjarða. Báturinn var sennilega smíðaður af Jóhanni Bárðarsyni að sögn Ragnars og var honum siglt til

Paralátursfjarðar á Hornströndum árið 1944 og gerður þar út til kaupstaðarferða til Norðurfjarðar og var það Guðmundur (Þari) Guðjónsson sem þá átti bátinn. Árið 1946 keyptu þeir Vil-

mundur og Bergmundur Jónas-synir bátinn og gerðu hann út frá Bolungarvík á Ströndum og notuðu hann til fiskveiða og til að draga rekann, en einnig fara þeir í pósthferðir til Látravíkur á Hornbjargi til Óskars Aðaðsteinssonar sem þá var vitavörður.

Vilmundur og Bergmundur fluttu til Bolungarvíkur með fjölskyldur sínar árið 1949 og Lóan fylgdi þeim yfir Djúpið. Gunnar Júl keypti þá bátinn og réri til fiskjar í nokkur ár en síðan festi Kristján Þorleifsson og bróðir hans kaup á bátinum og sóttu á miðin eins oft og gaf.

Ragnar Jakobsson eignaðist síðan bátinn og hefur verið að dunda sér við að gera hann upp með bróður sinn Guðmund Jakobsson sér til aðstoðar. Ragnar vinnur reyndar við endurgerð bátsins alla daga nema sunnudaga svo verkið vinnst þokkalega. Hann stefnir á að fara með bátinn til Reykjarfjarðar þegar hann hefur lokið við endursmíði hans en þar mun báturinn fá aftur sitt gamla hlutverk við að draga reka að landi og veiða vorkópinn. Einnig ætlar Ragnar að flytja ferðafólk yfir jökulana í Reykjarfirði en hún er í vexti vegna leysinga í jöklinum og því lag að nýta traustan og góðan bát sem Lóu til að ferja þá sem heimsækja Reykjavíkjörð á Ströndum yfir fossa og flúðir hvítflissandi jökulárinnar.

– thelma@bb.is

Umrót og uppnám

Stakkur skrifar

Undir lok janúar 2009 má segja að umrót og uppnám ríki á Íslandi. Það er engu líkt sem áður hefur gerst. Æpandi og gólandi fólk ræðst að húsi Alþingis, kastar grjóti í lögreglumenn, styrkir Bónus með eggjakaupum og kastar þeim í laganna verði og reynir að kveikja í þessu gamla húsi. Hvorki gúttóslagurinn 1934 né árasin á Alþingi 30. mars 1949 voru neitt í líkingu við það sem gerst hefur undanfarna daga. Því dag eftir dag hafa mótmæli staðið með skríslátum og árásum á bil forsætisráðherra þar á meðal.

Ljóst má vera að ástandið er óvenjulegt og almenningur er óánægður með stöðu þjóðmála. Nú er mótmælt dag eftir dag og stundum fram á nætur. Lögreglan hefur staðið í ströngu og umboðsmaður þeirra og hagsmunagætandi, sem einnig situr á alþingi, er um leið formaður BSRB og þar af leiðandi sá sem ætti sérstaklega að gæta að því hvernig að lögreglunni er búið, hefur látið sér í léttu rúmi liggja hvernig mótmælendur sem hann hefur stutt hafa komið fram við lögreglumenn við skyldustörf.

Ástand þjóðarbúsins er grafalvarlegt. Skuldir hlaðast upp. Reynt er bjarga Íslandi á flot með lánum frá erlendum ríkjum og lánum frá Alþjóða gjaldeyrissjóðnum, sem lánar til viðbótar með ákveðnum skilyrðum. Kostir Íslands eru ekki margir. Því sérkennilegra er að Vinstri grænir skuli hafa talað um að skila

lánum Alþjóða gjaldeyrissjóðsins, sem voru skilyrði þess að önnur ríki lánuðu Íslandi fê. Nú stefnir í kosningar og loks sjást breytingar. En þær kosta. Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sagði af sér embætti á sunnudaginn, sama gerði stjórn Fjármálaeftirlitsins en forstjórinn fær rúmar 20 milljónir fyrir að hætta.

Ekki er hægt að segja að mikli ábyrgð sé fólgin í því. Það minnir helst á bankana og framferði þeirra fyrir hrún. Menn eru borgaðir út með stórfé. Eitt er ólíkt. Nú er um almannafé að ræða. Það hlýtur að heyrast hljóð úr horni. Löglegt en siðlasut var eitt sinn sagt. Aldrei hefur riðið meira á en nú að fara vel með almannafé.

Ríkisstjórnin er völt og krafa mótmælenda hefur verið að forstjórinn færi frá sem og stjórn Seðlabankans, þótt oftast hafi það verið persónugert í Davíð Oddssyni. Báðir forystumenn ríkisstjórnarinnar eiga við veikindi að stríða og eru þeim sendar hlýjar óskir um bata.

Einn enn ætti að segja af sér, Ögmundur Jónasson, er gleymdi lögreglumönnum. Þeir eru umþjóðendur hans. En það mun ekki gerast. Meðan alþingismenn eru ekki sjálfum sér samkvæmir gerist fátt. Nú ríður hins vegar á að starfhæf ríkisstjórn sitji, sem vinnur ótullega að hagsmunum almennings, sem borgar á endanum brúsann. Hún þarf líka að segja almenningi hvað hún er að gera og ætlar að gera. Það er brýnt.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



„Prusustuð á blótinu“

Bolvíkingar blótuðu þorra í 64. sinn í íþróttahúsinu í Bolungarvík á laugardag. Að sögn Steinunnar Guðmundsdóttur, nefndarkonu, mættu 218 manns á blótið og skemmtu sér konunglega. „Skemmtiatriðin gengu mjög vel. Ég get ekki sagt að það hafi verið neitt sérstakt þema á þeim en það var stungið á helstu málum sem hafa verið að gerast í samfélaginu og var þeim fléttuð inn í atriðin með söng og leik,“ segir Steinunn. Bæjarbragurinn var sunginn og vísur um hverja nefndarkonu. Hún segir Bolvíkinga kunna ágætlega við að blóta þorra í íþróttahúsinu en sakni að einhverju leyti þrengslanna í félagsheimilinu í Bolungarvík. Baldur og Margrét léku síðan fyrir dansi til kl. 03 og var prusu stuð að sögn Steinunnar.

– birgir@bb.is



Líf still

utan úr heími



Obamobile er tæpir sex metrar á lengd.

Obamobile og fleiri forsetabílar

Þeir eru mörg tonn á þyngd og öryggisbúnaður þeirra er nánast ríkisleiyndarmál. Embættisbíl Bandaríkjaforseta númer eitt hverju sinni er einstakur hvað allan tæknibúnað og öryggisráðstafanir varðar. Enda er forseti Bandaríkjanna valdamesti maður heims, og reglan er sú, að því valdameiri sem maður er, þeim mun fleiri vilja drepa hann.

Barack Obama ekur um á Cadillac frá General Motors eins og fyrirrennari hans George W. Bush. Tengsl Bandaríkjaforseta við Cadillac ná allt aftur til 1919

eða fyrir 90 árum, þegar Woodrow Wilson var á valdastóli. Samt hafa orðið eyður í þau samskipti og Ford hefur líka lagt til *Forsetabíl nr. eitt*. Cadillac Baracs Obama - *Cadillac One* eða Obamobile eins og hann er líka kallaður, sbr. Papamobile páfans í Róm - er að mörgu leyti gerólikur *Fyrsta bíl* George W. Bush.

Cadillac Obama forseta er tæpir sex metrar á lengd. Aftur í eru ráðstefnustólar og samskiptabúnaður allur er svipaður og í sjálfri forsetaskrifstofunni í Hvíta hús-

inu - Oval Office. Innréttingin er að sjálfsögðu úr eðalviði og sætin úr handsaumudu leðri. Sjónvarpið og barinn eru á sínum stað (Bush yngri notaði barinn í sínum bíl aðeins fyrir gestina).

Öryggisbúnaðurinn er síðan kapituli út af fyrir sig og má að því leyti helst líkja bílnum við skriðdreka. Það sem er þunnt blikk í yfirbyggingu venjulegra bíla er fimmtán sentimetra þykkt eðalstál og rúðurnar eins þykkar og símaskrá. Dekkin þola auðveldlega skothríð úr vélbyssu.

Þótt mótórin sé gríðarlega



Lincoln Sunshine Special sem var fararskjóti Franklins D. Roosevelts.



Fordinn sem Bush eldri fékk í arf frá Reagan.



Lúxus-skriðdreki Baracks Obama.

öflugur veldur þyngdin á þessum lúxus-skriðdreka því, að venjulega er hraðinn ekki nema um 160 km á klst.

En það er ekki smíðað aðeins eitt eintak af *Forsetabíl nr. eitt*. Hann á marga tvífara sem hafðir verða til taks víða um heim þar sem forsetinn kann að leggja leið sína.

Tvær myndanna eru af hinum nýja Obamobile. Önnur hinna er

af Lincoln Sunshine Special frá Ford, sem Franklin D. Roosevelt notaði laust fyrir miðja síðustu öld. Hin er af síðasta embættisbíl Bandaríkjaforseta frá Ford-verksmiðjunum, brynvörðum að sjálfsögðu í bak og fyrir. George Bush eldri fékk hann frá Ronald Reagan fyrirrennara sínum og notaði hann í byrjun embættisferils síns. Báðir þessir bílar eru nú varðveittir á söfnum.

Ár nautsins

Ár nautsins í Kína hófst 26. janúar og stendur fram til 13. febrúar 2010. Nýju ári er vel fagnað í Kína líkt og gert er um allan heim. Í kínverska tímatalinu eru árin nokkuð mislöng. Þannig hefst ár tígrisdýrsins 14. febrúar 2010 og stendur til 2. febrúar 2011. Dýrin í kínverska dýraringnum eru tólf og ganga alltaf

utan úr heími

hringinn í sömu röð, þannig að næsta ár nautsins byrjar í febrúar 2021. Að loknu ári tígrisdýrsins koma kanínan, drekin, snákurinn, hrossið, hrúturinn, apinn, haninn, hundurinn, villisvínið og rottan áður en nautið birtist á ný.



Indónesískur lambaréttur

Sælkeri vikunnar býður upp á tvo rétti. Til að byrja með er uppskrift að framandi og bragðgóðum lambarétti frá Austurlöndunum en einnig býður Ína upp á rétt sem hentar bæði sem eftirréttur eða þá á kökuborðið.

- Indónesískur lambaréttur**
800g -1 kg lambakjöt í bitum, beinlaus
1 laukur, saxaður
1 hvítlauksrif, pressað
Matarolía til steikingar
1 dós tómatsósa (tomato sauce, 400 g)
1 lítil dós tómاتمauk
1 ¼ dl vatn
2 msk púðursykur
1 tsk karrý
½-1 tsk salt
1 kjúklingateningur

- 2 epli, afhýdd og í bitum
1 ¼ dl rúsínur

Hitið olíuna og brúnið kjöt, lauk og hvítlauk í potti. Setjið allt sem er í réttinum út í pottinn og sjóðið við vægan hita í um 45 mínútur eða þar til kjötið er soðið og gott bragð komið úr ávöxtunum í sósuna. Hrærið í af og til. Kryddið eftir smekk.

- 4 kókosbollur
Ca. 20 vínber
1 askja jarðarber

Allt brytjað í skál. Þeytið ½ rjóma og blandið öllu saman og setið í skálina sem ber á réttinn fram í. Skreytið t.d. með jarðarberjum og vínberjum. Skvettið svolitlu af bræddu suðursúkkulaði eða íssósu yfir. Verði ykkur



- Fljótleg og freistandi**
1 botn púðursykur marens
1 stk bontý
1 stk mars

að góðu.
Ég skora á Guðrúnu Birkisdóttur á Ísafirði að verða næsti sælkeri vikunnar.



Sælkeri vikunnar er Ína Sturludóttir á Ísafirði.

Hefur alltaf staðið á milli stanganna

Halldór Ingi Skarphéðinsson sýndi lipra takta í markinu hjá BÍ/Bolungarvík í sumar. Hann er nú á leið til Færeyja þar sem hann mun sinna markvörslu (verður málverji eins og það er sagt á færeysku) hjá liðinu MB 1905, sem er í næst efstu deild í Færeyjum.
– Hvenær byrjaðir þú í íþróttinni?
„Það var sumarið þegar ég var sex ára gamall, að Jóhannes Geir vinur minn spurði mig hvort ég vildi ekki koma á fótboltaæfingu

með sér. Ég man eftir því að ég mætti í gúmmítúttum og gallabuxum. Gunnar Torfa var þá að þjálfá 7. flokk og hann setti mig í markið á minni fyrstu æfingu. Síðan þá hef ég alltaf staðið milli stanganna.“
– Hvað er það við íþróttina sem hrífur þig?
„Fyrst og fremst er það félagsskapurinn og fá að vera hluti af liðinu. Gaman að geta stundað áhugamálið sitt og fengið hreyfingu út úr því. Svo þegar ég er að keppa þá er það spennan og

stressið sem drífur mig áfram. Það er gleðin sem fylgir því þegar gengur vel og finnst gaman að sjá þegar hver og einn er að leggja sig fram fyrir liðið og áhorfendurnar. Það er líka alltaf fjör þegar liðsfélagarnir fara saman í keppnisferðalög.“
– Hversu oft þarftu að æfa á viku?
Síðustu þrjú ár hjá mér hafa æfingar byrjað á fullum krafti í janúar. Þá byrja útihlaupin, þrekæfingarnar og bolti inn á milli. Svo þegar liða fer að vori, þá



Halldór Ingi Skarphéðinsson.

fara æfingarnar að snúast meira um leikskipulag og tækniæfingar. Áður en gervigrasið kom á Ísafjörð, þá voru æfingarnar á veturna útihlaup, þrekæfingar og lyftingar. Það var mikil lyftistöng að fá gervigrasið þegar það kom.“
– Hvað er það sem drífur þig á æfingar þegar dagarnir koma þar sem maður vill bara slappa af?
„Það er félagsskapurinn og hreyfingin. Ef maður ætlar að ná árangri, þá verður maður að sjálf-söggðu að mæta á æfingar. Samkeppnin í liðinu heldur manni á floti og svo vill maður alltaf vera að bæta sig.“
– Hvert er næsta markmið í íþróttinni?
„Markmiðið er alltaf að standa

sig vel, fyrir sjálfan mig og liðið. Forðast mistök í leikjum, þó svo að það komu auðvita dagar sem maður gerir þau.“
– En hvert er draumamarkmiðið?
„Draumamarkmiðið mitt er að spila með mínu uppeldisfélagi BÍ-Bolungarvík meðal þeirra bestu á Íslandi. Minn helsti draumur væri náttúrulega að standa í markinu hjá Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni. Er Brad Friedel ekki orðinn svo gamall?“
– Ertu í einhverjum öðrum íþróttum?
„Ég reyni að fara í ræktina eins oft og ég get, svo spila ég fótbolta einu sinni í viku með vinnufélögunum.“



Klakahjálmur

Starf slökkviliðsmannsins er ekki alltaf það allra heitasta. Á myndinni er einn ánægður á svip að loknu vel heppnuðu slökkvistarfi í hörkufrosti í Massachusetts í Bandaríkjunum – með klakabrynju og grýlukerti á hjálminum eftir úðann frá vatnsdælunum.

*Veljum íslenskt
– okkar hagur!*

